



HÁSKÓLI ÍSLANDS
Hugvísindasvið

Goðsagnir, glansmyndir og sögulegur tilbúningur

Hugmyndir um menningararf og uppruni söguskoðunar Íslendinga

Ritgerð til B.A. -prófs

Íris Barkardóttir

Júní 2012

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Sagnfræði

Goðsagnir, glansmyndir og sögulegur tilbúningur

**Hugmyndir um menningararf og uppruni söguskoðunar
Íslendinga**

Ritgerð til B.A.-prófs

Íris Barkardóttir

Kt.: 100689-2279

Leiðbeinandi: Guðmundur Hálfðanarson

Júní 2012

Ágrip

Í þessari ritgerð er fjallað um menningararf og söguvitund Íslendinga, með það að markmiði að sýna fram á tilurð þessara fyrirbæra. Í byrjun er fjallað um hina svokölluðu „menningararfvæðingu“ sem hefur átt sér stað undanfarna áratugi. Því næst er varpað ljósi á það hvernig þjóðinni var sköpuð glæst fortíð og sameiginlegt minni í ritum á borð við *Íslenskt þjóðerni* Jóns Jónssonar Aðils og kennslubók Jónasar Jónssonar frá Hriflu í Íslandssögu. Einnig er hugmyndafræði þeirra Jóns og Jónasar reifuð, þar sem litið er til þeirra goðsagna og glansmynda sem þeir áttu þátt í að skapa af sögu og fortíð þjóðarinnar og er enn haldið á lofti í opinberri orðræðu. Einnig verður fjallað um það hvernig margir virðast líta svo á að menning þjóðarinnar og vitund hennar um söguna hafi lifað með henni frá örófi alda í óbreyttri mynd, þótt raunin sé önnur ef betur er að gáð. Því að þegar skyggst er undir yfirborðið kemur í ljós að söguvitund Íslendinga varð í raun til á 20. öldinni, og sama má segja um hugmyndina um sérstakan menningararf. Bæði söguvitundin og menningararfurinn eru svo í raun háð duttlungum ráðandi afla innan samfélagsins, það er að segja þeirra sem sjá sér hag í því að stjórna hvers er minnst og hverju er leyft að falla í gleymsku. Að lokum er litið til endurskoðunar sögunnar og þess hvernig breytt viðhorf og nýjar rannsóknir fræðimanna virðast ekki skila sér út í samfélagið sem skyldi. Þannig er ákveðin minningarframleiðsla og sögulegur tilbúningur enn við lýði, sem kyndir undir og viðheldur hinni gömlu söguskoðun sem fram kom á tímum sjálfstæðisbaráttunnar. Þessi söguvitund er þó að mörgu leyti orðin úrelt, en hefur enn fylgi að fagna vegna þess að búið er að hreinsa hana af öllu því sem ekki telst vert að minnast, og eftir stendur aðeins þægileg vitund um söguna, þ.e. fortíð án mótsagna.

Efnisyfirlit

Ágrip	1
Inngangur	4
1. kafli Menningararfur í hringiðu nútímasamfélags	7
1.1. kafli Hann skal borinn kórrétt	12
2. kafli Söguskoðun Jóns Jónssonar Aðils	16
3. kafli Hver má eiga minningu Jóns Sigurðssonar ?	23
3.1. kafli Skítugar krumlur og goðsögnin um Jón Sigurðsson	26
4. kafli Hugmyndafræðileg áhrif kennslubóka Jónasar frá Hriflu	30
5. kafli Goðsögur og framleiðsla minninga	34
6. kafli Hin hefðbundna söguskoðun og þeir sem ganga gegn henni	38
6.1. kafli Er söguvitund Íslendingum í blóð borin ?	42
Niðurlag	45
Heimildaskrá	47
Prentaðar heimildir:	47
Vefheimildir:	50

Inngangur

Þegar ég hóf að nema sagnfræði við Háskóla Íslands kom fagið mér að mörgu leyti í opna skjöldu, því að námið risti mun dýpra en ég hafði gert mér grein fyrir. Það snýst ekki bara um það að geta rakið ártöl og sagt frá helstu atburðum veraldarsögunnar, líkt og svo margir virðast þó halda. Sagnfræðin er fræðigrein sem er í sífelldri endurnýjun, því að nýjar heimildir líta dagsins ljós, og túlkanir fræðimanna á þeim taka sífelldum breytingum. Sagnfræðin er einnig fag þar sem að hugtakið hlutleysi er ekki raunhæft markmið. Það helgast af því að heimildir fyrri tíma eru litaðar af skoðunum þeirra sem þær skrifuðu, og rannsóknir á þessum heimildum eru svo aftur litaðar af skoðunum fræðimanna sem rannsaka þær. Vegna þessa er hæpið að ætla að tala um einhvern heilagan sannleik og eilíf sannindi er kemur að sögunni og þeirri söguvitund sem lifir meðal þjóða.

Það sem kom mér svo mest á óvart er ég hóf að nema sagnfræði, var það að margt sem mér hafði verið kennt í framhaldsskóla virtist ekki vera á rökum reist þegar allt kom til alls. Ýmislegt hafði greinilega verið endurskoðað, og fræðimenn komnir á aðra skoðun til að mynda hvað varðaði sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og söguskoðun þjóðarinnar almennt. Þessu velti ég mikið fyrir mér og fannst afar skrítið að kennslu væri háttáð á þennan veg. Sökum þessa fékk ég áhuga á því að skoða uppruna menningararfs Íslendinga og það hvernig hann hefur verið í hávegum hafður. Ég velti því líka fyrir mér hvort að söguvitund okkar, það sem margir telja vera hinn eilífa sannleik, væri jafn sönn og margir vilja láta.

Þar af leiðandi er eitt af markmiðum þessarar ritgerðar það að varpa ljósi á menningararf Íslendinga, hvernig umræðum um hann er háttáð og hvernig hann birtist okkur í dag. Hugtakið menningararfur er fyrirbæri sem erfitt getur reynst að skilgreina, en hefur þó einhverskonar merkingu fyrir flesta þá sem heyra um það talað. Yfirléitt vísar menningararfur til þess sem er gamalt, brota úr fortíðinni sem fólki finnst vert að draga fram og halda á lofti, undir formerkjum þess að þetta séu hlutir, siðir eða venjur sem eru merkilegar og sérstæðar, eitthvað sem ekki má falla í gleymsku. Þrátt fyrir það er hugtakið menningararfur ekki svo gamalt, þó að það vísi oftast til þess sem talið er vera af hinu forna, það er að segja þess sem fortíðin hafði að geyma, og við viljum varðveita í dag.

Hugmyndir um mikilvægi menningararfsins eru í rauninni nokkuð nýjar af nálinni, og ákall samtímans um varðveislu þessa arfs hefur tekið á sig form ákveðinnar siðferðislegrar skyldu, þar af leiðandi er það talið rangt ef tilteknar minjar eru látnar grotna niður. Hafa verður þó í huga að varðveisla þessara fyrirbæra felur alltaf í sér þörf fyrir fjármagn og vinnu, og það er í rauninni háð duttlungum áhrifamanna, til að mynda innan stjórnmalanna, hvort að fé er varið í slík verkefni. Þannig er hægt að upphefja eitthvað sem mikilvægan menningararf með því að leggja í hann fé og vinnu, á meðan öðru er leyft að drabbast niður. Samfara þessu er vert að velta því fyrir sér hvort að menningararfurinn öðlist þannig í rauninni ekki merkingu fyrr en búíð er að búa hann til og setja fram á ákveðnu formi, sem fólki er svo talið trú um að sé sérstakt.

Vegna þessa er það ekki svo að það sem telst til menningararfsins, hafi verið meitlað í stein á einhverjum ákveðnum tímamarki, og hafi svo eftir það verið markvisst haldið við. Auðvitað eru ákveðnar fornminjar eða leifar frá gömlum tímum sem flestir eru sammála um að eigi að varðveita eins vel og við getum, til að mynda Stonehenge, hofin í Grikklandi eða handritin á Íslandi, svo fátt eitt sé nefnt. Upp vakna þó ýmsar spurningar þegar grafið er dýpra í tilurð og merkingu þess sem við nefnum menningararf, spurningar eins og hver er menningararfur Íslendinga, er hann þjóðinni meðfæddur og eðlislægur eða búinn til og kenndur. Hefur menningararfur íslensku þjóðarinnar verið notaður af ráðandi hópum þjóðfélagsins til að ná fram markmiðum sínum, jafnvel verið notaður sem söluvara. Ferðamannaíðnaðurinn hefur til að mynda í sífellt auknum mæli leitast eftir því að skírskota til menningararfs tiltekinna svæða, með það að markmiðið að draga fram það sérstaka á kostnað hins einsleita. Minjar fortíðar eru þannig upphafnar og í rauninni markaðssettar, í viðleitni til þess að laða að ferðamenn.

Annað atriði sem einnig verður gert að umfjöllunarefni hér er söguvitund okkar Íslendinga en hún er í rauninni órjúfanlegur hluti menningararfsins. En hvað er söguvitund? Ein skýring gæti hljómað þannig að söguvitund sé það hvernig fólk minnst sögu þjóðarinnar, hvað er kennt, hverju er miðlað áfram og hvernig ákveðnum skilningi á fortíð þjóðarinnar er haldið fram. Jón Jónsson Aðils og Jónas Jónsson frá Hriflu áttu til að mynda stóran þátt í því að móta söguvitund Íslendinga á fyrri hluta 20. aldar, og sú hugmyndafræði sem þeir settu fram hefur verið langlíf. Söguvitund þeirra fangaði hug og hjörtu fólks, enda drógu bæði Jón og Jónas upp glæsta mynd af fornöld

íslensku þjóðarinnar. Í ritum þeirra er fjallað um kapp og hetjudáðir, þrautseigju og baráttuvilja, og hin eilífa frelsisþrá, bálið sem sloknaði aldrei, verður þátturinn sem tengir saman fortíð og nútíð. Hugmyndafræði þessi virðist enn lita huga almennings, og enn þann dag í dag er vitnað í þá söguvitund sem er að finna í bókum Jóns Aðils og Jónasar frá Hriflu. Sama er að segja um Jón Sigurðsson, og þá arfleið sem hann hefur skilið eftir sig, en hann er af flestum talinn vera frelsishetja íslensku þjóðarinnar. Að mörgu leyti lifir minning hans einnig sjálfstæðu lífi, þ.e.a.s. að sú persóna sem hann var í raun og veru, er nú horfin en eftir stendur goðsöguleg ímynd þess sem fólk vill minnast. Stjórn mála- menn hafa því í gegnum tíðina deilt hart um það hvaða stjórn mála flokkur ætti réttmætt tilkall til minninga um Jón Sigurðsson, en allir vilja þeir fylkja liði á bakvið þjóðhetjuna. Það virðist ekki skipta máli hvaða stefnu flokkarnir fylgja, því það er litið svo á að ef Jón væri á lífi, myndi hann umsvifalaust fylgja henni líka. Að lokum verður svo fjallað um endurskoðun Íslandssögunnar, sem hófst á níunda áratug síðustu aldar, þar sem reifuð verða ólík viðhorf fræðimanna til söguvitundar þjóðarinnar.

Í þessari ritgerð verður því grafið fyrir um helstu einkenni íslenskrar söguvitundar, hvernig hún varð til og hvernig hún hefur þróast í tímans rás. Umfjöllunin verður þó takmörkuð við skilgreiningu á menningararfi, söguritun hér á landi og svo söguendurskoðun síðustu áratuga. Með þetta að leiðarljósi verður þannig litið til umræðna um menningararf okkar Íslendinga, sem og menningartengdrar ferðaþjónstu. Einnig verður fjallað um deilur sem upp komu varðandi þjóðbúning kvenna í viðleitni til þess að gefa innsýn í það viðhorf sem hefur skapast í tengslum við menningararfinn, en með því er átt við hugmyndir fólks um það hverjir eiga réttmætt tilkall til þessa arfs, og hverjir eiga það ekki. Því næst verður hugmyndafræði Jóns Aðils og Jónasar frá Hriflu reifuð og svo að lokum verður fjallað um framlag einstakra fræðimanna til endurskoðunar sögunnar, sem og viðbrögð almennings gagnvart þessum nýju hugmyndum. Þáttaröðin *Þjóð í hlekkjum hugarfarsins* verður tekin sérstaklega fyrir, enda varpa eftirköst þáttanna ótrúlega góðu ljósi á viðhorf almennings, sem og fræðimanna, til söguvitundar þjóðarinnar og hversu djúpt rætur hennar í raun liggja.

1. kafli Menningararfur í hringiðu nútímasamfélags

Eins og sagði í inngangi er hugtakinu menningararfur oft varpað fram, en þó er merking þess nokkuð óljós. Því er vert, áður en lengra er haldið, að skýra þetta fyrirbæri. Í *Lesbók Morgunblaðsins* er að finna afar áhugaverða grein frá árinu 2006, um stöðu og hlutverk menningararfsins hér á landi, en höfundur greinarinnar Valdimar Tr. Hafstein er dósent í þjóðfræði við Háskóla Íslands. Valdimar byrjar á því að taka það fram að fyrirbærið menningararfur hefur skapað bæði umræður og deilur, og að menn greini á um stöðu menningararfsins í nútímanum. Þannig finnst sumum að of mikið sé gert úr menningarfinum, á meðan öðrum finnst hann ekki fá þá athygli sem skyldi. Hugtakið menningararfur er svo aftur á móti ungt fyrirbæri, búið til í nútímanum, og er í dag ítrekað notað til þess að tengja saman nútíð og fortíð. Valdimar bendir á að hugtakið menningararfur sé ekki einungis nýyrði, heldur einnig ákveðið sjónarhorn á tilveruna sem hefur áhrif á það hvernig fólk skynjar umhverfi sitt, og hann segir að undanfarin ár hafi átt sér stað svokölluð „menningararfsvæðing“. Með þessu hefur fortíðinni verið skapaður nokkuð lokaður kistill, og það má jafnvel segja að hún hafi verið múruð inni. Valdimar heldur svo áfram og talar um það hvernig skilgreining á menningarfi þjóðarinnar getur breytt hugsun og viðhorfi fólks til daglegra hluta, í greininni segir:

Meðvitundin um menningararf breytir líka afstöðu fólks til þess sem það gerir, hvernig það skilur umhverfi sitt og sjálf sig. Útsaumur er til að mynda ekki lengur samur og áður ef maður álítur að með því að sauma út sé maður að viðhalda verðmætum menningarafi. Hinn meðvitaði „menningarerfingi“ leggur annan skilning í verk sín en sá sem saumar bara út án þess að hugsa um útsauminn í heildarsamhengi fortíðar, framtíðar og menningarskila milli kynslóða. Með því að skoða hluti, atferli og tjáningu undir merkjum menningararfs er þeim stillt upp sem sínum eigin táknmyndum, sem ímyndum sjálfs sín. Þannig fá þau framlengingu á tilveru sinni sem arfur, þ.e. sem fulltrúar fortíðarinnar í samtímanum.¹

Valdimar segir að það sé því menningararfurinn sem loki fortíðina inni, afmarki hana og aðskilji, frá fólki í dag og öðrum þáttum nútímans. Annað atriði í grein Valdimars er svo hræðsla fólks við það að menningararfurinn sé sífellt að tapast, og að það sé ákveðin siðferðileg krafa gerð til þess að varðveita menninguna í viðleitni til þess að glata henni

¹ Valdimar Tr. Hafstein, „Menningararfur er nýr af nálinni“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 8. apríl 2006, bls.

ekki. En með því að skírskota til þess að varðveisla menningararfsins sé siðferðislega rétt, er þar með búið að réttlæta þau útgjöld og þann tíma sem varið er til varðveislu og viðhalds þess sem telst til menningararfsins. Eina krafan sem gerð er til menningararfsins á móti, er svo sú að hann sé óbreytanlegur, ákveðinn fastur punktur í hringiðu breytinga nútímasamfélagsins. Með menningararfinum hefur sagan og menningin því verið hlutgerð, en samkvæmt Valdimari hefur menningararfurinn þannig sett söguna fram á neytendavænan hátt. Einnig telur hann að „menningararfsvæðingin“ svonefnda, sé ákveðið andsvar gegn hnattvæðingu nútímans, þar sem markmiðið er að ýta undir sérstök einkenni ákveðinna hópa fremur en einsleita heimsmynd hins hnattvædda nútíma. Með þessu hafa skapast umræður á alþjóðavettvangi, sérstaklega í tengslum við ferðaþjónustu, en hún kallar á það að búa til áfangastaði sem eru sérstakir, það er að segja ólíkir öðrum áfangastöðum, og af þeim sökum á einhvern hátt veigameiri en staðir sem hafa ekki slíka tilvísun í þjóðlega sögu og menningu. Undir formerkjum menningararfsins eru sérkenni svæða, héraða og landshluta því upphafin, í viðleitni til þess að laða að ferðamenn. En þessi þróun er ekki handahófskennd, því að ákvarðanir um það hvað á að eyða tíma og fé í að viðhalda og varðveita eru ávallt ákveðið þrætuepli, og sökum þessa eru ákvarðanir um hvað telst til menningararfs teknar af fulltrúum ráðandi hópa og verða þar af leiðandi pólitískt viðfangsefni. Þessi öfl ráða því þá hvað það er sem telst vert að minnast og halda á lofti, og hverju er leyft að falla í gleysku. Þetta þýðir að leitast er eftir því að móta ákveðna söguvitund innan samfélagsins, og skilgreina það sem þjóðin er sameiginlegur erfingi að. Samfara þessu skapast ákveðin vitund um það hverjir það séu sem eru réttmætir erfingjar að menningunni, þar af leiðandi mótast ímynd um annars vegar „okkur“ sem deilum hinum íslenska menningararfi, og hins vegar „hina“ sem ekki eiga hlutdeild í þessum arfi.²

Nokkru áður (2003) hafði Valdimar Tr. Hafstein einnig ritað grein í *Lesbók Morgunblaðsins* um menningararf. Þrátt fyrir að vera skrifuð þremur árum fyrr, eru greinarnar um margt svipaðar, og því vert að gera grein fyrir þeim báðum. Eldri greinin, sem hér er til umfjöllunar, er að stofni til viðtal við sænska þjóðfræðinginn Barbro Klein, og fjallar um menningararf líkt og sú seinni, en þó í alþjóðlegra samhengi. Aðspurð um það hvaðan hugmyndin um menningararf er sprottin svarar Klein því að það hafi verið fyrst á 19. öldinni sem menn fóru að huga að fortíðarminjum, og þá í

² Valdimar Tr. Hafstein, „Menningararfur er nýr af nálinni“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 8. apríl 2006, bls. 10.

samhengi við vaxandi þjóðerniskennnd þess tíma. Klein heldur því einnig fram að menningararfur sé í raun afsprengi nútímans, og spili stóran þátt í því hvernig þjóðir skilgreina sig, til að mynda í samhengi við aðrar þjóðir. Með menningararfinum er þannig gerð tilraun til þess að skapa ákveðna sögulega samfellu, sem svo er miðlað frá kynslóð til kynslóðar. Samkvæmt Klein eru umræður um menningararf þjóða í dag oft litaðar af þeirri hugsun að sá tími sem við höfum til þess að varðveita minjar fortíðar sé við það að fjara út, og því er viðleitni til verndunar menningarinnar ávallt mótuð af því að verið sé að bjarga henni frá glötun. Klein segir svo að ákveðin heimsendisógn hvíli yfir umfjöllun um menningararfinn, þar sem óttinn við það að náttúran sé að spillast og listaverk fortíðar séu að verða eyðileggingu að bráð sé áberandi. Sökum þessa vaknar hin siðferðislega krafa um það að vernda og viðhalda menningararfinum, líkt og fjallað var um hér að ofan, og varðveisla menningarinnar og gamalla fortíðarminja telst þar af leiðandi af hinu góða. Klein bætir því svo við að varðveisla menningararfsins sé pólitískt viðfangsefni, sem stjórnámálamenn láta sig sífellt meira varða, en menningararfurinn hefur einnig mikilvæg tengsl við ferðamannaiðnaðinn. Þar með er varðveislan ekki einungis vegna siðferðislegra ástæðna, heldur endurspeglar hún einnig það markaðssamfélag sem við búum í nú.³

Með þessu er átt við það að ferðamannaiðnaðurinn tengist menningararfinum órjúfandi böndum. Þrátt fyrir það að fólk hafi um aldir ferðast til sérstakra menningartengdra eða sögulegra staða, vegna þess að þeir teljast merkilegir, var það þó ekki fyrr en upp úr 1970 að farið var að tala um menningartengda ferðaþjónustu. Þá virtust menn átta sig á því að sumt fólk ferðaðist til slíkra staða sérstaklega vegna þess að það hafði áhuga á því að dýpka skilning sinn, og fræðast um þá menningu sem tengdist þeim. Áður höfðu menn talið að aðeins lítill hluti fólks, sem væri vel menntað, hefði áhuga á því að kynna sér menningu og menningararf þeirra landa sem það sótti, og að meirihluti ferðamanna hefði aðeins áhuga á hinu hefðbundna sólstrandarfríi. Það var svo í kringum árið 1990 að menningartengd ferðaþjónusta var orðin að jafn áberandi markaðsstarfssemi og við þekkjum í dag. Þessi þróun var þó ekki sjálfsprottin heldur varð hún í kjölfar aukinnar vitundar fólks um mikilvægi þess sem telst til menningararfsins og vilja til þess að varðveita þau fyrirbæri. Tengsl ýmissa áfangastaða við menningararfinn er nú því upphafinn, og sem mest gert úr þeim í viðleitni til þess að

³ Valdimar Tr. Hafstein, „Heimurinn er að sökkva“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 29. nóvember 2003, bls. 6.

laða að ferðamenn. Þessi þróun hefur þó á sér tvær hliðar. Önnur hliðin er sú að með aukinni menningartengdri ferðaþjónustu verður krafan um að varðveita hinn heilaga menningararf sterkari, og þar af leiðandi eykst þrýstingur á að eyða fjármagni í viðhald þessara staða. Hin hliðin er svo sú að með því að laða fólk að stöðum og fyrirbærum sem þykja sögulega merkileg og hluti af menningararfinum er þeim stefnt í hættu sökum slæmrar umgengni og of mikils átroðnings.⁴

Umræður um menningararf og ferðaþjónustu á Íslandi hafa verið umtalsverðar á undanförunum árum. Þar má nefna skýrslu frá árinu 2001, sem Tómas Ingi Olrich fór fyrir, þar sem leitast var eftir því að kortleggja ýmsar leiðir til að auka hlut íslenskrar menningar og menningararfs í ferðaþjónustu.⁵ Júlíus Hafstein, fyrrverandi borgarfulltrúi, vann svo að áframhaldandi aðgerðaráætlun í framhaldi af skýrslunni, fyrir hönd samgönguráðuneytisins, þar sem hann útlistaði tillögur skýrslunnar enn frekar. Þar lagði hann til að 40 milljónum króna yrði varið til Þróunarsjóðs ferðamála, sem átti svo að nota til þess að efla nýsköpun í ferðamannaiðnaði. Einnig var lagt til að framlög til sjóðsins myndu svo fara hækkandi næstu ár á eftir. Kjarninn í skýrslu Júlíusar er svo sá að menningararfurinn hafi ekki verið notaður sem skyldi, og í raun verið hlunntfarinn sem tæki til þess að ýta undir ferðamannaiðnað hér á landi. Hann lagði því til, líkt og gert var í þeirri skýrslu nefndarinnar sem Tómas Ingi fór fyrir, að gera meira úr sögulegum stöðum, styrkja ímynd þeirra og kynna þá sérstaklega fyrir ferðamönnum. Annað atriði, sem kemur fram í báðum skýrslum er svo það að auka og efla verulega hlut íslenskra bókmennta, en Júlíus telur bókmenntirnar og tungumálið okkar merkasta arf, sem mikilvægt sé að nýta sér, þar sem það gæti gefið vel af sér ef áhugi ferðamanna á þessum hluta menningararfsins ykist.⁶

Umfjöllunin um greinarnar hér að ofan, hvað varðar menningararf, uppruna hans og menningartengda ferðaþjónustu, rennir í raun styrkum stöðum undir viðfangsefni og markmið þessarar ritgerðar. En með því er átt við það hvernig menningin getur verið hverful, sem og hlaðin hagsmunum og gildismati ákveðinna hópa og einstaklinga. Hugtakið menningararfur og skilgreining þess er, eins og fram hefur komið, nýtt af nálinni en virðist þó í hugum fólks vera fornt og hafa að geyma það sem er gamalt og gilt. Það er einnig að mörgu leyti tilbúningur stjórnvalda, þ.e.a.s. þeirra sem ákveðið

⁴ Bob McKercher og Hilary du Cros, *Cultural Tourism*, bls. 1-2.

⁵ Tómas Ingi Olrich, *Menningartengd ferðaþjónusta*.

⁶ *Vef. Menningartengd ferðaþjónusta. Aðgerðaráætlun.*

hafa hvers er vert að minnast. Þannig er sumu leyft að drabbast niður á meðan öðru er haldið við með fjármagni og vinnu. Það má því segja að menningararfurinn sé að sumu leyti háður duttlungum pólitíkusa, og þeim fjárlögum sem ríkið setur hverju sinni. Þrátt fyrir að menningararfinum sé í raun settar þær skorður, að vera háður fjárframlögum, tíðaranda og öðru þess háttar, eru þó margir hópar innan samfélagsins sem gera sérstakt tilkall til menningararfsins, og telja sig vera mikilvægari hluta af honum en aðrir. Sem dæmi um þetta má nefna bændur, en Ísland var lengi vel landbúnaðarsamfélag, og bændur voru lengi taldir vera máttarstólpar samfélagsins. Í bókinni *Sjálfstæð þjóð. Trylltur skríll og landráðalýður* eftir Eirík Bergmann Einarsson segir til að mynda að „í sjálfstæðisbaráttunni var litið svo á að bændabýlin geymdu menningarlega sögu og arfleið Íslands ... Þjóðveldið var upphafið og litið svo á að upplausn bændasamfélagsins væri ógn við sjálfan grundvöll þjóðarinnar“.⁷ En þjóðfélagið hefur undanfarna áratugi tekið stakkaskiptum og landbúnaður átt undir högg að sækja. Þrátt fyrir þessar gagngeru breytingar minna bændur enn á sig, eins og sjá má í átta blaðsíðna langri auglýsingu í *Morgunblaðinu* frá árinu 1996, þar sem kynntir eru bændadagar í versluninni Hagkaup. Í auglýsingunni er leitast eftir því að vekja athygli á starfi bænda og taldir eru upp kostir hins íslenska landbúnaðar. Þar er sagt frá því að landbúnaður sé ekki lengur í jafn miklum metum og áður var, og bent á það að stuðningur ríkisvalds til landbúnaðarframléiðslu hafi minnkað allverulega. Einnig er vísað í menningararfinn og skírskotað til þess að sveitirnar, staðurinn þar sem landbúnaðar- framléiðslan fer fram, sé ómissandi hluti þessa arfs sem ekki megi gleyma. Undir lok auglýsingarinnar segir svo að bændur vilji:

að það fólk sem við landbúnað starfar hafi tekjur, félagslegar aðstæður og atvinnuöryggi sem geri starf bóndans eftirsóknarvert og tryggi nauðsynleg kynslóðaskipti. ...efla skilning á því að menningararfur sveitanna er verðmæti sem við þurfum að varðveita.⁸

Eflaust má finna fjölmörg sambærileg dæmi, þar sem skírskotað er til menningararfsins í viðleitni til þess að réttlæta ákall um fjárframlög eða tilveru ýmissa hluta. Það virðist einnig auka vægi slíkra beiðna, og auka líkur á því að einhverju sé veittur aukinn gaumur, ef hægt er að vísa til þess að tiltekið fyrirbæri sé hluti af menningararfinum.

⁷ Eiríkur Bergmann, *Sjálfstæð þjóð*, bls. 44.

⁸ „Bændadagar í Hagkaup“, *Morgunblaðið D*, 20. júní 1996, bls. 8.

1.1. kafli Hann skal borinn kórrétt

Á tímum sjálfstæðisbaráttunar voru gamlir tímar upphafnir sem aldrei fyrr. Sigurður Guðmundsson málari, sem hafði brennandi áhuga á íslenskri þjóðmenningu, lagði á sínum tíma til að hátíðarbúningur kvenna yrði endurbættur. Það var og gert og hinn svokallaði skautbúningur náði fljótlega nokkrum vinsældum upp úr miðri 19. öld.⁹

Ástæða þess að hér er nefnd tilkoma hátíðarbúnings kvenna, er vegna atviks sem átti sér stað þann 1. september árið 2004 er Þjóðminjasafnið opnaði nýja sýningu í endurbættu húsnæði. Opnunin var afar hátíðleg og meira að segja sýnd í beinni útsendingu í sjónvarpinu, ásamt viðtali við Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra, sem opnaði sýninguna. Opnunin sjálf fór vel fram og væri í rauninni ekki frásögur færandi nema vegna þess sem á eftir fór, en fljótlega eftir útsendinguna fór allt í bál og brand. Ástæða taugatitringisins var þó ekki sýningin sjálf heldur klæðnaður menntamálaráðherrans, en Þorgerður Katrín hafði klæðst upphlut, það er að segja hluta af hinum íslenska kvenbúningi. Það sem upp á vantaði var hefðbundin skyrta undir upphlutnum sjálfum og skotthúfan. Fór mjög fyrir brjóstið á sumum að hún hefði vogað sér að gera breytingar á því hvernig klæðast á upphlut. Orð sem bar á góma meðal fólks, og birtust í hinum ýmsu fréttamiðlum, var að þetta hefði ekki einungis verið ósmekklegt, heldur beinlínist ósiðlegt.¹⁰ Í *Morgunblaðinu* er til að mynda að finna greinarbút frá því í september árið 2004 eftir konu að nafni Anna María Geirsdóttir, þar sem hún lýsir yfir óánægju sinni hvað varðar klæðnað Þorgerðar Katrínar, sem og klæðnaði fulltrúa Þjóðminjasafnsins, en hún var einnig í upphlut við opnunina. Anna María segir að hvorug kvennanna hafi klæðst upphlut á réttan hátt og það hafi henni þótt sérkennilegt sökum þess að önnur væri fulltrúi ríkisins en hin fulltrúi safnsins. Anna María heldur svo áfram og segir að báðar þessar konur hefðu átt að klæðast upphlut eins og hefðin segir til um, sérstaklega í ljósi þess að þær voru að sinna opinberum embættisstörfum. Hún segir svo einnig að það hafi ekki verið sæmandi fyrir þær, sem fulltrúar þjóðarinnar, að láta sjá sig „í skrípaútgáfum af þjóðbúningum“.¹¹ Annað dæmi um viðhorf í þessum dúr birtist einnig í *Morgunblaðinu* sama ár. Þar segir:

⁹ *Þjóð verður til. Menning og samfélag í 1200 ár*, bls. 26.

¹⁰ Valdimar Tr. Hafstein, „Menningararfur: Sagan í neytendaumbúðum“, *Frá endurskoðun til upplausnar*, bls. 319-320.

¹¹ Anna María Geirsdóttir, „Kyndugt eða kindarlegt“, *Morgunblaðið*, 14. september 2004, bls. 21.

Í sambandi við umræðuna sem átt hefur sér stað undanfarið um þjóðbúninginn, og að Þorgerður Katrín væri í honum án skothúfu við opnun Þjóðminjasafnsins, þá langar mig að spyrja hvort að fólk hafi ekki efni á því að koma sér upp ekta þjóðbúningi eða hvort það eigi að skrumskæla búninginn. Þegar fólk lærir að sauma búninginn sinn sjálf er því kennt að bera virðingu fyrir búningnum og ef það geti það ekki þá eigi það að láta það vera að klæðast búningnum.¹²

Þetta atvik og eftirköst þess er tekið sem dæmi í tengslum við orðræðuna í kringum menningararfinn, eða það sem ekki má breyta heldur á að vera eins bæði í dag og á morgun. Af þessu má sjá að þjóðbúningurinn var greinilega orðinn að menningararfi í huga fólks, talinn vera af hinu forna og þar með eitthvað sem var gamalt og gilt. Þessi íslenski kvenbúningur tók þó ekki á sig þá mynd sem við þekkjum nú fyrir en á seinni hluta 19. aldar og var í raun enn í þróun á 20. öldinni. Þrátt fyrir það er þjóðbúningurinn nú einn af óaðskiljanlegum hlutum hins íslenska menningararfs, og því skal hann borinn á kórréttan hátt. Þegar svo sjálfur menntamálaráðherra gengur gegn viðteknum hugmyndum um þennan tiltekna menningararf fannst fólki sem að hætta steðjaði að, og því knúði til að láta í sér heyra í viðleitni til þess að standa vörð um það sem á að vera óbreytanlegt. En það er einmitt þessi hræðsla sem er að mörgu leyti innbyggð í hugmyndir manna um menningararfinn, það er að segja hræðslan við það að hann sé sífellt við það að glatast, og varðveisla hans því ávallt á síðustu stundu.¹³

Í framhaldi af þessu er vert að nefna stuttlega annað atvik varðandi þjóðbúninginn sem sýnir vel hvernig menningararfurinn er notaður til að greina „okkur“ frá „hinum“. Áðan var rætt um Þorgerði Katrínu og þá hneykslan sem hún olli er hún klæddist upphlut ekki á réttan hátt. Þorgerður var þó ekki eina konan sem kom af stað umræðum í kringum þjóðbúninginn árið 2004, því að hinn 1. ágúst sama ár skartaði Dorrit Moussaieff skautbúningi við embættistöku Ólafs Ragnars Grímssonar. Umræður sem þá sköpuðust voru af öðrum toga, en í kjölfarið heyrðust raddir í þjóðfélaginu um það að klæðaval Dorritar hefði ekki verið viðeigandi. Það sem málið snerist þá um var uppruni forsetafrúarinnar, þ.e. sú staðreynd að hún er ekki innfæddur Íslendingur. Með því beindust sjónir fólks að hugmyndinni um „okkur“ og „hina“, um muninn á milli þeirra sem teljast eiga réttmætt tilkall til menningararfsins og þeirra sem eiga það ekki. Skoðun margra var greinilega sú að Dorrit teldist ekki til þess hóps sem við lítum á sem

¹² „Um þjóðbúninginn“, *Morgunblaðið*, 17. september 2004, bls. 41.

¹³ Valdimar Tr. Hafstein, „Menningararfur: Sagan í neytendaumbúðum“, *Frá endurskoðun til upplausnar*, bls. 321.

„okkur“ og átti þar af leiðandi ekki rétt til þess að klæðast skautbúningi.¹⁴ Í *Fréttablaðinu* er að finna greinarbút frá árinu 2004 þar sem þetta viðhorf kemur fram, ummælin eru eftir Hafdís Erlu Hafsteinsdóttur og eru tekin af netinu. Hafdís Erla er reyndar að tala gegn fordómum og er greinilega á móti þeim umræðum sem sköpuðust í kjölfar klæðavals Dorritar, en pistill hennar varpar þó góðu ljósi á viðhorf sumra til menningararfsins, þ.e.a.s þeirra sem líta svo á að aðeins sumir eigi réttmætt tilkall til þessa arfs en aðrir ekki, hún segir:

... má nefna umræðuna um þjóðbúninginn sem spratt upp í sumar þegar tímaritið Reykjavík Grapevine birti á forsíðu mynd af svartri stúlku í skautbúning. Íslendingar sáu greinilega ekkert að því að vaða í blöðin og segja blákalt að þeim þætti „ekki við hæfi“ að svertingi klæddist skautbúningnum. Gyðingurinn Dorrit Moussaieff bætti um betur þegar hún mætti í upplut á þingsetninguna og enn og aftur heyrðust raddir um það væri „ekki við hæfi“ að gyðingur væri í þjóðbúningnum.¹⁵

Í *Morgunblaðinu* er einnig að finna pistil frá árinu 2004 þar sem höfundur, sem skrifar undir nafninu Víkverji, gagnrýnir á sama hátt og Hafdís Erla þá umræðu sem myndaðist í kringum Dorrit og skautbúninginn. Víkverji byrjar á því að segja að amma sín hafi á hverjum sunnudegi dregið fram peysufötin og farið til kirkju. Þetta hafi að vísu verið spariklæðnaður en þó ekkert meira en bara venjulegur fatnaður. Víkverji heldur svo áfram og segir: „það er búið að setja íslenska búninginn á einhvern þann stall sem þjóðargersemi, að það er orðið vandræðalega óþægilegt. Er þetta ekki bara gamaldags fatnaður?“ Pistillinn endar svo á því að Víkverji segir:

Dorrit var flott í skautbúningnum og Þorgerður Katrín glæsileg í upplutnum; jafnvel skotthúfulaus. Og að lokum. Víkverji á bæði skotapils og indverskt sarí, en hefur aldrei dottið í hug að gerast Skoti eða Indverji. Að einhverjum skuli detta í hug að útlendingar, „jafnvel“ blökkukonur, geti ekki klæðst íslenskum búningi er hneisa, og lýsir engu öðru en heimóttarskap, jafnvel kynþáttafordómum.¹⁶

Það má því með sanni segja að fólk hefur áhuga á menningararfinum, og það virðist skipta máli að rétt sé farið með þá hluti sem teljast til þessa arfs, þó að sumum finnist greinilega of langt gengið líkt og ummælin hér að ofan gefa merki um. Hugtakið sjálft, menningararfur, skírskotar jafnframt til þess sem er gamalt, þ.e.a.s. það sem á

¹⁴ Valdimar Tr. Hafstein, „Menningararfur: Sagan í neytendaumbúðum“, *Frá endurskoðun til upplausnar*, bls. 323.

¹⁵ Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, „Fordómar á Íslandi“, *Fréttablaðið*, 4. október 2004, bls. 13.

¹⁶ „Víkverji skrifar...“ *Morgunblaðið*, 13. september 2004, bls. 26.

rætur í fortíðinni. En þegar betur er að gáð, eru mörg af þessum fyrirbærum nokkuð nýleg. Með því er ekki átt við það að þau hafi ekki verið til í einhverri mynd fyrr á tímum, heldur það að nútíminn hefur sett þau í þann búning sem við þekkjum í dag. Ímynd sem á kannski lítið skylt við upprunalegt form fyrirbærisins. Hversdagslegir hlutir fortíðar eru þannig upphafnir og gerðir að merkilegum, sérstökum hlutum í nútímanum. Þjóðbúningurinn eins og hann er í dag, er til að mynda afkvæmi 19. og 20. aldar. Sökum þessa má spyrja sig, hvers vegna fólk tekur það nærri sér ef því finnst menningararfinum ekki sýnd nægileg virðing. Það má ímynda sér að það sé vegna þess að hver kynslóð er frædd um það hver menningararfur þjóðarinnar er, og sömuleiðis kennt að þetta sé fyrirbæri sem vert er að sýna lotningu. Í framhaldi af þessu er vert að fjalla um söguskoðun Íslendinga sem á sinn þátt í því að miðla þessari þekkingu áfram, sem og móta ákveðna vitund um menningararfinn, en það er umfjöllunarefni næsta kafla.

2. kafli Söguskoðun Jóns Jónssonar Aðils

Ísland byggðist fyrir rúmum 1100 árum er hingað sigldu, auk annarra norrænir menn frá Noregi og víkingabyggðum á Bretlandseyjum. Þetta aðflutta fólk myndaði með tímanum hina íslensku þjóð og menningu Íslendinga, en menning þjóða er ekki sjálfsprottin heldur myndast með tíð og tíma, sem í og samskiptum við aðrar þjóðir og ólíka menningarheima. Þeirri spurningu hvernig þjóð verður til, og þá sérstaklega hvernig hin íslenska þjóð varð til, er vandsvarað. Þróun þjóðríkja í Evrópu má þó rekja til þess er rómantíska stefnan sveif yfir vötnum á 19. öldinni, og upp spratt áköf þjóðerniskennd samfara hugmyndum um afmörkuð þjóðríki. Þróunin hér á landi fylgdi sömu stefnu og litaði hún baráttuna fyrir sjálfstæði. Mikil áhersla var lögð á rækt við þjóðmenningu hér á landi og þjóðerniskennd brann í brjóstum landsmanna.¹⁷

Þessi þjóðernisuppbygging í Evrópu, það er að segja smærri þjóða sem höfðu verið undir erlendum yfirráðum, var um margt afar lík, svo að jafnvel mætti halda að það væri þjóðum í raun eðlislægt að mynda þjóðríki og finna til sameiginlegrar þjóðerniskenndar. Þess konar viðhorfum hefur líka verið haldið fram af mörgum fræðimönnum fyrri tíma, sem þróað hafa hugmyndir eins og þá að þjóðin sé ein lífræn heild, áveðin stórfjölskylda með sameiginlegar rætur í sérstakri sögu og fortíð. Svo er þó varla raunin, heldur hefur þróun þessi verið rakin til þjóðernissinnaðra menntamanna, sem höfðu lykilhlutverki að gegna hvað varðaði framsetningu á pólitískum goðsögnum og í raun sköpun þjóðarsögunnar. Markmið þeirra var það að skilgreina þjóðina sem náttúrulegan hóp sem bæri að standa saman, verja þau einkenni sem sameina þjóðina og síðast en ekki síst að berjast fyrir sjálfstæði. Einnig leituðust hinir þjóðernissinnuðu menntamenn eftir því að sýna fram á getu þjóðarinnar til þess að standa á eigin fótum, og samfara því voru skapaðar ákveðnar þjóðernisgoðsagnir, sem áttu að vera fyrirmyndir framtíðarinnar og hins nútímaþjóðríkis. Innan þessara þjóðernisgoðsagna koma einnig fram kenningar um það að þjóðarsaga ríkja skiptist í ákveðin tímabil, og þá oft í gullöld, niðurlægingartímabil og svo endurreisnartímabil, en þá skiptingu þekkjum við vel úr skrifum sagnfræðingsins Jóns Jónssonar Aðils,¹⁸ en söguskoðun hans er umfjöllunarefni þessa kafla.

¹⁷ *Þjóð verður til. Menning og samfélag í 1200 ár*, bls. 10-16.

¹⁸ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 22-27.

Í bók Jóns Jónssonar Aðils, *Íslenzkt þjóðerni*, sem kom út árið 1903 er að finna hugmyndir hans um áhrif rómantísku stefnunnar hér á landi. Jón segir að á 19. öldinni hafi þessi stefna hafið innreið sína bæði í bókmenntum og listum á meðal Norðurlálfþjóðanna. Rómantíska stefnan byggði á þjóðlegum grundvelli, og samkvæmt Jóni átti hún stóran þátt í því að hjálpa þjóðum að finna sjálfar sig, það er að segja uppruna sinn og sögu, sem svo aftur endurnærði líf þjóðarinnar. Jón var sannfærður um að þjóðir væru ekki pólitísk fyrirbrigði, heldur líffræðilegar staðreyndir. Jón segir einnig að fornritin, sem enginn hafði skeytt um lengi vel, hafi verið dregin fram á nýjan leik og nú upphafin. Með þessu fékk Ísland nýtt hlutverk í augum annarra þjóða og fortíðarbjarminn tók að ylja landanum á nýjan leik. Með rómantísku stefnunni tóku Íslendingar að leita aftur til fortíðar, og það varð undirstaða nýrrar þjóðernisbaráttu og aukinnar þjóðernistilfinningar.¹⁹

Samkvæmt Jóni Aðils vakti rómantíska stefnan þannig upp ákafa þjóðerniskennnd meðal fólks og fyrir honum var þetta góð þróun sem átti augljósan þátt í því að Íslendingar tóku í auknum mæli að berjast fyrir sjálfstæði. Hafa verður þó í huga að samfara aukinni þjóðerniskennnd vaknar svo aftur sú tilhneiging að þjappa þjóðinni saman. Það er gert með því að finna henni einhvern sameiginlegan grundvöll, það er að segja minningar, hefðir, siði, venjur og tákni, sem svo aftur eiga að skapa samkennd. Í *Morgunblaðinu* er að finna grein frá árinu 1993 þar sem einmitt þetta viðhorf er reifað, en greinin er eftir mannfræðinginn Hjörleif Rafn Jónsson, þar segir að:

ein afleiðing þjóðernishyggju var að sumir, aðallega tilvonandi embættismenn og menningarklíkan, urðu uppteknir við að vera af einhverju tilteknu þjóðerni, að tala ákveðið tungumál, og að eiga sér sameiginlegan menningararf. Ef slíkt var ekki tala [til] staðar bjuggu umræddar klíkur þessi sameiningartákn bara til.²⁰

Þetta viðhorf er lýsandi fyrir það sem hér er verið að fjalla um, og ýtir stoðum undir það að söguvitund þjóða og sú ímynd sem hún hefur af sjálfri sér er íbúunum í rauninni ekki í blóð borin, heldur kennd og miðlað áfram. Sagan og söguvitundin eru því ekki steypar í fast mót frá upphafi, heldur er sagan til í mörgum heimildarbrotum sem á einhverjum tímupunkti eru sett fram á ákveðinn hátt og með ákveðnum tilgangi. Í bókinni *Sjálfstæð þjóð. Trylltur skrill og landráðalýður*, sem var nefnd að framan, segir Eiríkur Bergmann

¹⁹ Jón Jónsson, *Íslenzkt þjóðerni. Alþýðufyrirlestrar*, bls. 213-216.

²⁰ Hjörleifur Rafn Jónsson, „Rótarskoðun: Sumum nægir ekki nafinn“, *Morgunblaðið*, 21. desember 1993, bls. 45.

til dæmis að ákveðin þjóðernishugmynd hafi orðið til á tímum sjálfstæðisbaráttunnar og vitund um söguna, sem varð með tímanum sameign allrar þjóðarinnar. Þessi hugmynd felur meðal annars í sér, samkvæmt honum, tilfinninguna um sérstakan sögulegan bakgrunn og sameiginlegar minningar. Hann heldur svo áfram og segir: „eins og einstaklingur hefur þjóðin sín persónueinkenni og tákn sem leiðtogar hennar upphefja á tyllidögum enda er þjóðernistilfinning ekki meðfædd heldur nokkuð sem þarf að næra“.²¹

Í tímaritinu *Glímunni* er að finna grein eftir Guðmundur Hálfðanarson sem ber nafnið „Sagan og sjálfsmýnd(ir) íslenskrar þjóðar“. Þar kemur fram að hér á landi var það Jón Jónsson Aðils sem átti stóran þátt í því að móta söguvitund hinnar íslensku þjóðar í byrjun 20. aldarinnar með alþýðufyrirlesturum sínum og fræðastarfi. Í grein Guðmundar kemur fram að Jón Aðils hafi verið einn af vinsælustu höfundum Íslands á sínum tíma, og samkvæmt Sigríði Matthíasdóttur skapaði hann þjóðinni sameiginlega þjóðernislega sjálfsmýnd. Jón Aðils var einnig afar virtur sem fræðimaður af samtímamönnum sínum, og var oft nefndur Jón sagnfræðingur. Jón naut jafnframt hylli alþýðunnar sem flyktist á fyrirlestra hans, en Alþingi styrkti fyrirlestrarhald hans í áratug, svo merkur fannst mönnum boðskapur Jóns vera. Söguskoðun Jóns birtist skýrt og greinilega í þessum fyrirlesturum, sem einnig voru gefnir út í þremur bókum.²²

Íslenzkt þjóðerni var ein af þessum bókum og þar kemur til dæmis fram sú sannfæring að ættjarðarást Íslendinga og brennandi þjóðernistilfinning hefði skapast er alþingi var stofnað á Þingvöllum, og síðan þá aldrei vikið úr hugum og hjörtum landsmanna. Jón taldi einnig að saga Íslands hefði alla tíð einkennst af baráttu gegn erlendum yfirráðum, og þrátt fyrir það að þjóðin hefði misst sjálfstæði sitt hefði vilji landsmanna til þess að vera sjálfs síns herrar aldrei horfið alveg.²³ Hann byggði bók sína einnig upp á þeim grundvallarhugmyndum, að íslenskt þjóðerni væri náttúrlegs eðlis og að endurreisn hinnar fornu gullaldar væri grundvöllur allra framfara í landinu. Þjóðin hafði lifað í samræmi við hið sanna eðli sitt á gullöldinni og frelsi landsins á þjóðveldisöldinni hafði verið grundvöllur þess blómaskeiðs sem Íslendingar bjuggu við á þeim tíma. Það má því með sanni segja að Jón hafi verið þjóðernissinnaður menntamaður, og markmið skrifa

²¹ Eiríkur Bergmann Einarsson, *Sjálfstæð þjóð*, bls. 41.

²² Bækur Jóns Jónssonar Aðils nefnast, *Gullöld Íslendinga, Íslenzkt þjóðerni og Dagrenning*.

²³ Guðmundur Hálfðanarson, „Sagan og sjálfsmýnd(ir) íslenskrar þjóðar“, *Glíman*, 7 (2010), bls. 113-115.

hans var skýrt. Hann bjó þjóðinni til handa vitund um sameiginlega fortíð og sögu sem Íslendingar einir ættu tilkall til. Þjóðin varð þannig einn líkami, og þjóðareðlið var samofið eðli einstaklingsins allt frá fæðingu hans til dauða.²⁴

Í tímaritinu *Fjallkonunni* frá árinu 1903 er að finna stuttan ritdóm um bókina *Íslenzkt þjóðerni*, sem þá var nýútgefin. Þar er farið lofsamlegum orðum um bæði Jón og bókina, og landsmenn hvattir til að kynna sér verkið, sem var talið draga fram sögu lands og þjóðar á framúrskarandi hátt. Í ritdómnum segir meðal annars að Jón sýni:

skýrt og ljóslega, hvernig ættjarðarástin og þjóðernistilfinningin vaknar hjá Íslendingum með stofnun allsherjarríkis á Íslandi, hvernig þessar dygðir dafna og blómgastr við frelsið og sjálfstjórnina og spyrna lengi vel móti öllum tilraunum Noregskonunga til að beygja Íslendinga undir veldissprota sinn, þangað til loks að sundurlyndið og flokkadrættirnir, valdafýsnin og stjórnlausar ástríður einstakra manna leiða ógæfuna og ófrelsið yfir Íslendinga. En þar er líka sýnt, hvernig samt »andinn lifir æ hinn sami«, að jafnan rýkur úr sjálfstæðiskolunum, og að sá neisti, sem þar lifir þrátt fyrir alt og alt, blossar upp við og við og streitist móti þrældómnum og kúguninni, sem útlenda höfðingjavaldið, oss liggur við að segja böðulsvaldið, beitir við þjóðina. Höfundurinn sýnir fram á það með skýrum rökum, hvernig þjóðernistilfinningin lifir gegnum alt myrkrið og hörmungarnar, unz hún tekur aftur að lifna, glæðast og aukast, og læsa sig inn í sál og hjarta þjóðarinnar með ljóðum skáldanna, eggjunarorðum ættjarðarvinanna og í endurbornum bókmentum. Loks er bent á, hverjar framtíðarvonir vér getum bygt á fortíðarreynzlu vorri.²⁵

Mánuði seinna, í júlí árið 1903, birtist önnur bókarfregn í *Fjallkonunni*, þar sem aftur var fjallað um Jón Aðils og *Íslenzkt þjóðerni*. Í greininni er fjallað um kosti Jóns og gæði verka hans líkt og í áðurnefndri grein. Greinarhöfundur hvetur Íslendinga til þess að eignast bókina, og lýsir verkinu sem gjöf til þjóðarinnar, sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. Seinna greinin er þó öllu gagnrýnni en sú fyrri en samt leikur enginn vafi á því hversu mikilvægt verk höfundurinn taldi bókina vera fyrir þjóðina og söguvitund hennar. Í greininni er að finna sömu óbilandi trúna á þjóðerniskennd Íslendinga, bálið sem slokknaði aldrei. Í greininni bregður einnig fyrir Jóni Sigurðssyni, sem greinarhöfundur hefur miklar mætur á, og segir að Jón hafi með útgáfu *Nýrra félagsrita* vakið þjóðina til meðvitundar um þörfina fyrir sjálfstæði.²⁶ Í framhaldi af þessu er vert að snúa sér aftur að grein Guðmundar Hálfðanarsonar sem birtist í *Glímunni*, en þar kemur fram að rit Jóns Jónssonar Aðils hafi komið fram við sérstakar aðstæður og í raun haft sérstökum tilgangi að gegna. Þar segir:

²⁴ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 46-49.

²⁵ „Íslenzkt þjóðerni“, *Fjallkonan*, 30. júní 1903, bls. 102.

²⁶ B.G., „Bókarfregn“, *Fjallkonan*, 14. júlí 1903, bls. 109-110.

Ritunum var beinlínis ætlað að rækta með Íslendingum vitund um sögu sína, sem aftur átti að þjóna þjóðinni í baráttunni fyrir pólitísku sjálfstæði. Og það var einmitt hlustað á boðskap ritanna vegna þess að þau féllu að þörfum fólks og hugsjónum á þeim tíma sem þau komu út. Enginn efaðist þá um að Íslendingar væru sérstök þjóð, en ráðamenn þjóðarinnar – bæði íslenskir og danskir – voru alls ekki sannfærðir um að þjóðin gæti staðið á eigin fótum. Jón vildi aftur á móti sýna lesendum sínum fram á að sagan sannaði ekki aðeins ótvírætt að Íslendingar væru færir um að taka sín mál í eigin hendur, heldur einnig að sjálfstæðið væri lykill að velmegun þjóðarinnar í lengd og bráð.²⁷

Annað lykilatriði í sagnfræði Jóns Aðils var það hvernig hann mælti gegn þeim er töldu að Íslendingar gætu ekki staðið á eigin fótum. Fátækt landsmanna varð umtalsefni þeirra ferðamanna sem hingað komu á 19. öldinni, en þeir kenndu ömurlegum lífskjörum um framtaksleysi fólks, á meðan hin glæsta gullöld þjóðarinnar virtist heyra fortíðinni til. Því vildi Jón upphefja sögu Íslendinga í viðleitni til þess að sýna fram á það að Íslendingar ættu og gætu stofnað sjálfstætt ríki, líkt og áður hafði verið. Hlutverk fyrirlestra Jóns var það að vekja þjóðina upp af þeim dvala sem honum fannst að lagst hafði yfir hana og drepið niður baráttuvilja hennar. Með því að minna fólk á þá gullöld sem eitt sinn hafði verið við lýði, styrkti Jón trú Íslendinga á eigin getu.²⁸

Af þessu má sjá að sagnfræði Jóns Aðils hafði veigamiklu hlutverki að gegna fyrir íslensku þjóðina á tímum sjálfstæðisbaráttunnar. Það að Alþingi veitti Jóni styrki sýnir einnig það pólitíska vægi sem stjórnvöld töldu verk hans hafa, á tímum er verið var að skapa þjóðinni eina heildstæða ímynd og söguvitund. Í dagblaðinu *Tímanum* frá árinu 1984 er að finna stutta grein eftir þáverandi ritstjóra blaðsins, Þórarin Þórarinsson, um Jón Aðils. Þar heldur hann því fram að Jón hafi verið sá einstaklingur sem hafi átt hvað mestan þátt í því að móta sögukennslu hér á landi sem og íslenska sagnfræði. Ævi Jóns er einnig rakinn stuttlega, en hann fæddist árið 1869, lauk stúdentsprófi tvítugur að aldri og sigldi þá til áframhaldandi náms í Kaupmannahöfn. Greinin heldur svo áfram, og þar segir:

Þegar leið að aldamótum, hafði Jón ekki lokið prófi. Alþingi þótti samt mikilsvert að fá hann heim og veitti honum styrk með því skilyrði, að hann flytti opinbera

²⁷ Guðmundur Hálfðanarson, „Sagan og sjálfsmýnd(ir) íslenskrar þjóðar“, *Glíman*, 7 (2010), bls. 115-116.

²⁸ Guðmundur Hálfðanarson, „Sagan og sjálfsmýnd(ir) íslenskrar þjóðar“, *Glíman*, 7 (2010), bls. 122-124.

fyrirlestra um söguleg og þjóðleg efni. Hann hafði þá unnið sér mikið álit með fyrirlestrum sínum erlendis.²⁹

Framlag Jóns Aðils til hinnar íslensku söguvitundar, sem og vitundar almennings um menningararf þjóðarinnar, er greinilega mikið. Þetta má þó ekki að skilja sem svo að söguskoðun og hugmyndir Jóns Aðils um sögu Íslendinga hafi verið hugarfóstur hans eins eða algjörlega nýjar á hans tíma. Verk Jóns, og framlag hans, fólst að hluta til í því að taka þær hugmyndir sem voru á reiki í þjóðfélaginu og setja þær í heildstætt form. Boðskapur Jóns var þar af leiðandi greinilega mikilvægur partur í viðleitninni til þess að efla þjóðerniskennd hér á landi. Með því að setja söguna fram á skipulagðan hátt, með ákveðið markmið í huga, skapaði hann þjóðinni ákveðna sameiginlega vitund, sem og vettvang fyrir baráttuna gegn hinu erlenda valdi. Annað sem hafa verður í huga er svo líka það, að sú þróun sem varð hér á Ísland er alls ekkert einsdæmi hvað varðar sköpun sameiginlegrar söguvitund þjóðar, því þetta gera flestar þær þjóðir sem hafa barist eða eru að berjast fyrir sjálfstæði sínu.

Ekki er svo hægt að fjalla um söguskoðun Jóns Aðils, án þess að víkja að umfjöllun hans á Jóni Sigurðssyni, sjálfri frelsishetju þjóðarinnar. Eins og gefur að skilja var Jón Sigurðsson í miklum metum hjá Jóni Aðils, sem fór iðulega fögrum orðum um hann í ritum sínum. Ágætis innsýn í viðhorf Jóns Aðils, og þá virðingu sem hann bar til Jóns Sigurðssonar er að finna í ræðu sem hann hélt þann 17. júní árið 1911, og birtist m.a. í blaðinu *Reykjavík*. Þar er Jón Aðils afar hátíðlegur í umfjöllun sinni um Jón, sem hann telur augljóslega hafa verið gull af manni, og í rauninni guðsgjöf til þjóðarinnar allrar. Ræðan var haldin í tilefni þess að hundrað ár voru liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar, og samkvæmt Jóni Aðils var minning hans svo fögur á þessum degi að ekkert gat skyggt á gleði manna. Jón Sigurðsson hafði haft að bera alla þá mannkosti og dyggðir sem sönnum Íslendingi sæmdi og persónuleg útgeislun hans hreif hvern mann. Þrátt fyrir að hann hefði látist fyrir meira en þremur áratugum var minning hans enn ljóslifandi og sú arfleið sem hann skildi eftir, íslensku þjóðinni til handa. Arfleið þessi fólst í baráttunni fyrir sjálfstæði og auknu framkvæmdarþreki þjóðarinnar, en þær framkvæmdir sem áunnist höfðu áratugin á undan voru, að mati Jóns Aðils, tákngerving hugsjóna Jóns Sigurðssonar og uppskera þeirra hugmynda sem hann hafði

²⁹ Þórarinn Þórarinsson, „Framtíðarvonirnar getum vér byggt á fortíðarreynslunni“, *Tíminn*, 26. febrúar 1984, bls. 9.

sáð fyrir komandi kynslóðir. Jón Sigurðsson var því, samkvæmt Jóni Aðils, ljósið sem lýsti komandi kynslóðum, sem og hinn raunverulegi leiðtogi lýðsins. Hann var einnig sá einstaklingur sem vakið hafði íslensku þjóðina til lífsins á nýjan leik af aldalöngum doða, kennt henni að þekkja styrkleika sinn og þau réttindi sem henni bar að sækjast eftir. En það var einmitt þetta sem Jóni Aðils fannst vera helsta og mikilvægasta afrek Jóns Sigurðssonar, það að sjá til þess að íslenska þjóðin öðlaðist trú á sjálfri sér. Jón Sigurðsson varð því bæði ímynd og fyrirmynd Íslendinga, sem og holdgervingur alls þess besta sem þjóðin hafði að geyma.³⁰

Jón Aðils vísar í allmörg kvæði sem samin hafa verið um Jón Sigurðsson til vitnis um það mikilmenni sem hann var. Eitt af kvæðunum sem birtist í greininni, og Jón Aðils segir vera eftir eitt af þjóðskáldum vorum, er svohljóðandi:

Þá sór hann að hræðast ei hatur og völd
nje heilaga köllun að svíkja,
og ritaði djúpt á sinn riddaraskjöld
sitt rausnarorð: „aldrei að víkja!”³¹

Í þessu kvæðabroti sem er eftir Matthías Jochumsson,³² er Jón Sigurðsson gerður að einkonar riddara, frelsishetju á hvítum hesti sem hlotið hefur heilaga köllun, köllun sem hann sinnti af alúð í lifanda lífi og vék aldrei frá sinni eigin sannfæringu. En þetta er einmitt það sem að ræða Jóns Aðils fjallar um í hnotskurn, og það sem að hann taldi að gerði Jón Sigurðsson að þeirri fyrirmynd og því mikilmenni sem endurminning hans var vitni um. Sökum þessa var hann hin eina réttmæta þjóðhetja Íslendinga og helsta sameiningartákn sjálfstæðisbaráttunnar, en það er einmitt umfjöllunarefni næsta kafla.

³⁰ Jón Jónsson, „Jón Sigurðsson 1811 – 17. júní – 1911“, *Reykjavík*, 24. júní 1911, bls. 101-102.

³¹ Jón Jónsson, „Jón Sigurðsson 1811 – 17. júní – 1911“, *Reykjavík*, 24. júní 1911, bls. 102.

³² V.G., „Jón Sigurðsson“, *Eimreiðin*, 1. september 1911, bls. 160.

3. kafli Hver má eiga minningu Jóns Sigurðssonar ?

Jón Sigurðsson var dáður í lifanda lífi, en það var þó lítið miðað við það hvernig persóna hans var upphafinn eftir að hann var fallinn frá. Almennur, félög, stjórnmalaflokkar og ýmsir fleiri minnst Jóns sem þjóðhetju Íslendinga, og fylkja enn liði um ímynd hans og arfleidd. Minning hans hefur einnig verið mótuð og steipt í form, þannig að eftir stendur ímynd hins fullkomna manns, sem að ýmsir aðilar, og þá sérstaklega stjórnmalaflokkar, sjá sér hag í því að eignast. Vegna þessa hafa verið háðar ófáar orrustur um vofu Jóns Sigurðssonar, og það virðist ekki skipta máli hvaða stefnu flokkarnir fylgja, allir telja þeir að Jón væri hliðhollur þeim. Deilur þessar hafa oft en ekki tekið á sig hlálegar myndir, enda virðist það heldur merkingarlaust að vera að velta sér upp úr því hvað maður sem fyrir löngu var borinn til grafar, hefði að segja um hitt eða þetta málefni í samtíma okkar.

Ímynd Jóns Sigurðssonar varð til að mynda bitbein á milli hinna nýju stjórnmalaflokka sem fram komu á tímum sjálfstæðisbaráttunnar, og er þá átt við heimastjórnarmenn og landvarnar- og þjóðræðismenn. Báðir flokkarnir leituðust eftir því að eigna sér ímynd Jóns forseta málstað sínum til framdráttar. Varð Heimastjórnarflokkurinn fyrri til er þingmenn flokksins lögðu blómsveig á leiði Jóns Sigurðssonar í Hólavallarkirkjugarði þann 2. ágúst árið 1902, en það var þá þjóðhátíðardagur Íslendinga. Þrátt fyrir að hafa tekið af skarið varð það þó ekki svo að heimastjórnarmenn sætu einir um minningu Jóns Sigurðssonar, því að andstæðingar þeirra hófu einnig fljótlega að eigna sér hlutdeild í honum. Sem merki um það eru hátíðarhöld sem haldin voru þann 15. apríl árið 1904, af hálfu verslunarmanna, í tilefni af því að hálf öld var liðin síðan sett voru lög um fullt verslunarfrelsi. Jón Sigurðsson var þar í hávegum hafður enda var honum eignaður sá merki áfangi í sögu þjóðarinnar. Á þessum hátíðarhöldum árið 1904, og á næstu árum þar á eftir, voru það andstæðingar heimastjórnar- manna sem fóru fremstir í flokki. Þann 17. júní árið 1907 virtust landvarnar- og þjóðræðis- menn svo hafa yfirtekið ímynd og minningu Jóns Sigurðssonar. Ræður voru haldnar af svölum þinghússins, og voru ræðumennirnir þrír, þeir Björn Jónsson, Bjarni Jónsson frá Vogu og Benedikt Sveinsson allir miklir sjálfstæðissinnar. Annað sem einkenndi þessi hátíðarhöld, og var táknrænt fyrir viljann til sjálfstæðis, var það að menn flögguðu og veifuðu fánanum bláhvíta. Sá mikli fjöldi

sem tók þátt í hátíðarhöldunum, en talið er að hátt í 5000 manns hafi safnast saman í Reykjavík, er merki um það að fullveldissinnar höfðu nú náð undirtökum í höfuðstaðnum og í baráttunni um minningu Jóns Sigurðssonar þar með.³³ Jón Sigurðsson var þannig orðinn tákn sem menn töldu mikilvægt að hafa yfirráð yfir, því hann var talinn standa fyrir allt það sem var gott og gilt. Þrátt fyrir að vera löngu kominn undir græna torfu veltu menn því fyrir sér hvað Jón hefði gert í hinum og þessum aðstæðum, og hvað honum hefði fundist um ýmiss konar málefni. Með því að fylkja sér á bakvið Jón fannst mönnum þeir geta sýnt fram á það að þeirra málstaður væri betri en málstaður annarra.

Í *Mánudagsblaðinu* er að finna grein frá árinu 1953 þar sem höfundur hennar veltir einmitt þessu viðhorfi fyrir sér, en greinin ber hið skemmtilega og lýsandi nafn „Hvaða flokk myndi Gunnar á Hlíðarenda kjósa?“ Þar líkir greinarhöfundur íslenskum stjórnmaladeilum við skrípaleik þar sem málgögn hinna og þessara flokka gera hvað þau geta til þess að eigna sér mikilmenni fortíðar, og deila svo hart um það hversu réttmætt tilkall þeirra er. Höfundur talar sérstaklega um Jón Sigurðsson og það þrætuepli sem minning hans hafði orðið að á milli ólíkra flokka, sem allir töldu að hann sæti í þeirra flokki ef hann væri enn á lífi. Höfundur segir einnig að stjórnmalamenn væru ekki á þeirri skoðun að minning Jóns Sigurðssonar væri eign þjóðarinnar allrar, heldur virtust þeir telja að aðeins einn flokkur, þeirra flokkur, hefði einkarétt á Jóni. Deilur af þessu tagi, segir höfundur, eru alls kostar fáránlegar, þar sem ekki sé hægt að vita hvaða stefnu dánir menn myndu fylgja. Þeir hafi verið uppi er allt annar tíðarandi var við lýði, og þar af leiðandi hafi getgátur um afstöðu þeirra aðeins þann pólitíska tilgang að réttlæta skoðanir ákveðinna flokka í nútímanum. Höfundur endar svo á því að segja að það sé álíka heimskulegt að berjast um minningu Jóns Sigurðssonar og bítast um það hvaða stefnu hann myndi fylgja, og að ætla sér að fara að deila um eignarrétt á, sem og skoðanir þeirra, Gunnari á Hlíðarenda og Njáli á Bergþórshvoli.³⁴

Það má svo hæglega velta því fyrir sér hvort að Jón Sigurðsson, og allt það sem að honum laut, hafi orðið að tiskubólu á sínum tíma en ekki einungis brennandi ættjarðarást landsmanna, þrátt fyrir það að flestir vildu meina að svo væri. Í framhaldi af

³³ Páll Björnsson, *Jón forseti allur?*, bls. 82-88.

³⁴ Ajax, „Hvaða flokk hefði Gunnar á Hlíðarenda kosið?“ *Mánudagsblaðið*, 19. október 1953, bls. 1 og 7.

Þessu er vert að nefna afar skemmtilegan greinarbút sem er að finna í *Verkamannablaðinu* frá árinu 1913, þar sem greinarhöfundur virðist vera búinn að fá nóg af ofnotkun á Jóni Sigurðssyni og því sem honum tengist. Höfundur rekur í greininni það hvernig landsmenn virðast finna hjá sér þörf til þess að klína nafni Jóns Sigurðssonar sem og fæðingardegi hans á hvers kyns fyrirbæri, í nafni ættjarðarástar, þar segir til að mynda:

Eldheitir ættjarðarvinir, af þeim flokki, sem er svo langt of fjölmennur, verða að klína nafni hans á hvað eina, sem þeir koma nálægt. Það er svo ógn þægilegur vegur til þess að votta fjöðurlandinu sonarlega rækt sína. Skip, súkkulaði, húfur og líklega hundar, eða hver veit hvað, víðfrægja nú þetta nafn. En ekki nóg með það. Fæðingardegi hans má heldur ekki gleyma. Þess vegna er það, að félög — auk alls annars —, sem kalla sig »17. júní«, þjóta upp eins og gorkúlur á hesthúshaugi.³⁵

Í kjölfarið er vert að varpa fram einu af því sem sett var fram í inngangi, en það var sú hugleiðing hvort að Jón Sigurðsson hafi verið notaður sem söluvara, það er að segja að nafn hans, persóna og ímynd hafi verið notuð til þess að selja fólki varning af ýmsu tagi. Í bók Páls Björnssonar *Jón forseti allur? Tákmynd þjóðhetju frá andláti til samtíðar* kemur einmitt fram að kaupmenn hér á landi hafi séð viðskiptatækifæri í Jóni Sigurðssyni, til að mynda á aldarafmæli hans árið 1911. Í tilefni hátíðahaldanna var til dæmis hægt að festa kaup á bréfspjöldum með mynd af Jóni, nælum og ýmsu fleiru. Fataverslanir nýttu sér einnig tækifærið og auglýstu nýjustu tísku.³⁶ Jón var reyndar þegar orðinn söluvara árið 1884 þegar Þorlákur Ó. Johnson kaupmaður í Reykjavík lét steinprenta stóra mynd af Jóni í Englandi, sem hann svo seldi víða um land. Þessu tók Þorlákur upp á af sjálfsdáðum, enda var hann afar hugfanginn af Jóni forseta og lagði því sitt af mörkum til þess að halda minningu hans á lofti.³⁷ Með breyttum neyslunum varð sölumennska þann 17. júní líka fyrirferðameiri ár hvert, og þá sérstaklega eftir aldarafmæli Jóns Sigurðssonar árið 1911. Til að mynda var tekið upp á því að bjóða upp á kakó og vindla sem skörtuðu mynd af Jóni á þriðja áratugnum, en það fór þó fyrir brjóstið á sumum sem þótti með því vegið að hinni glæstu ímynd Jóns Sigurðssonar.³⁸

³⁵ Styrr, „„Jón forseti““ og „17. Júní““, *Verkamannablaðið*, 19. júlí 1913, bls. 36.

³⁶ Páll Björnsson, *Jón forseti allur?*, bls. 103.

³⁷ Páll Björnsson, *Jón forseti allur?*, bls. 79-81.

³⁸ Páll Björnsson, *Jón forseti allur?*, bls. 179.

Eins og fram hefur komið er litið á Jón Sigurðsson sem þjóðhetju Íslendinga, og hans minnst sem eins helsta baráttumanns þjóðarinnar fyrir sjálfstæði á 19. öld. Þessi ímynd af Jóni er enn ljóslifandi í hugum margra Íslendinga sem og sú hugmynd að saga Íslands hafi einkennst af óslitinni baráttu gegn erlendu valdi, frá þeim tíma er Íslendingar gengu Noregskonungi á hönd á 13. öld fram til þeirrar 20. er sjálfstæði þjóðarinnar var í höfn. Enn í dag má heyra stjórnámamenn vísa í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og hina glæstu þjóðveldisöld, þar sem meginsteifið er oft á tíðum það að baráttan fyrir sjálfstæði sé Íslendingum í blóð borin, barátta sem lýkur í raun aldrei. Þetta ræðir Guðmundur Hálfðanarson um í fyrirlestri sem hann kallaði „,Eigi víkja!“ Þjóðernisvitund og pólitísk menning Íslendinga“, en þar fjallar hann meðal annars um þær pólitísku umræður sem skapast hafa í kringum stöðu Íslands gagnvart Evrópusambandinu á síðustu árum. Af þessu má sjá að enn er gripið til gamalla hugmynda, og sú orðræða sem skapaðist á tímum sjálfstæðis- baráttunnar virðist enn lifa góðu lífi innan íslenskra stjórnmála. Það virðist vera sem svo að þessi orðræða sé nú orðin að einskönar hefð, þ.e.a.s. gagnlegt tæki til þess að sýna fram á þjóðrækni.³⁹

3.1. kafli Skítugar krumlur og goðsögnin um Jón Sigurðsson

Stjórnmálaflokkar og stjórnámamenn hafa í gegnum tíðina ítrekað vísað til Jóns Sigurðssonar, hugsjóna hans og hugmyndafræði. Þetta hafa menn gert í viðleitni til þess að sýna fram á ættjarðarást, en einnig til að þess að upphefja sinn eigin málstað. Það að fylkja sér á bakvið Jón Sigurðsson, töldu menn að réttlætti skoðanir þeirra, af því að það sem Jón stóð fyrir telst ávallt gott og gilt. Samfara þessu er vert að skýra frá nokkuð hlálægu atviki sem fjallað er um í bók þeirra Baldurs Guðlaugssonar og Páls Heiðars Jónssonar, *30. marz 1949. Innganga Íslands í Atlantshafsbandalagið og óeirðirnar á Austurvelli*. Eins og nafn bókarinnar gefur til kynna átti atvik þetta sér stað þann 30. mars árið 1949 þegar verið var að ræða aðild Íslands að NATÓ. En þannig var mál með vexti að á meðan mótmæli geisuðu fyrir utan Alþingishúsið uppgvötaði Ásmundur Sigurðsson, þingmaður sósíalista, sér til mikillar furðu að brjóstmynd af Jóni Sigurðssyni sem var staðsett í svonefndu „blaðamannaherbergi“ Alþingishússins sneri nú veggjar. Í stað þess að láta kyrrt liggja ákvað Ásmundur að vekja athygli á þessu furðulega máli og hafði samband við ritstjórn flokksblaðs sósíalista, *Þjóðviljans*, enda

³⁹ Guðmundur Hálfðanarson, „,Eigi víkja!““, *Fraendafundur* 4, bls. 11-15.

taldi hann þetta vera merki þess að Jón Sigurðsson væri mótfallinn þeim ákvörðunum sem teknar höfðu verið á þingi, líkt og Ásmundur sjálfur. Eftirköst þess sem ritað var í *Þjóðviljann* um atvikið létu ekki á sér standa. Í *Morgunblaðinu* birtist til að mynda grein þar sem hörðum orðum var farið um þá sem blaðið kallaði kommúnista. Í greininni voru leiddar líkur að því að þeir stæðu sjálfir á bakvið athæfið, og þannig gerst sekir um það að hafa svívirt minningu Jóns Sigurðssonar. *Alþýðublaðið* var enn harðorðara í garð sósíalista, en tímaritið birti nokkrar greinar um efnið þar sem meðal annars var ritað um kámugar, óþjóðlegar, svikarahendur kommúnista, sem hefðu leyft sér það óþverraverk að snúa brjóstmynd Jóns Sigurðssonar til veggjar. Eins og sjá má voru viðbrögðin við því að Ásmundur vakti athygli á þessum furðulega verknaði hörð. Erfitt er að segja til um það hvort að hann hafi átt von á því að vera kennt um atvikið, en sú varð þó raunin, og var sú skoðun lífseig. Það var ekki fyrr en löngu seinna að hin raunverulega skýring á því hvers vegna stytta Jóns Sigurðssonar sneri til veggjar kom í ljós. Sökudólgurinn var þegar allt kom til alls hvorki Sósíalistaflokkurinn, né yfirnáttúrulegir kraftar, heldur þáverandi ritari forseta Íslands, sjálfstæðismaðurinn dr. Gunnlaugur Þórðarson. Hann hafði snúið brjóstmynd Jóns einungis til þess að forða listaverkinu frá hugsanlegu tjóni af grjótkastinu sem fylgdi mótmælunum, sem áttu sér stað fyrir utan þinghúsið.⁴⁰

Það sem er áhugavert við atburð þennan og eftirköst hans er það hvernig sósíalistar og andstæðingar þeirra túlkuðu hann á ólíkan hátt. Ásmundur taldi til að mynda að það að brjóstmyndin sneri til veggjar væri merki um það að Jón Sigurðsson væri hliðhollur málstað sósíalista. Andstæðingar Sósíalistaflokksins brugðust hins vegar hið versta við, og spöruðu ekki stóru orðin um þau svik, sem þeim fundust „kommúnistar“ hafa framið, og þar með svert ímynd hins ástsæla Jóns Sigurðssonar, mannsins sem allir vildu eiga hlutdeild í. Andstæðar fylkingar deildu þannig um Jón, og hvorri um sig fannst að hin ætti ekki tilkall til minningu hans. Eins og segir virtist það því skipta menn miklu máli hvaða flokkur gæti eignað sér Jón Sigurðsson, en í *Alþýðublaðinu* var fjallað um atburðinn, og þar segir meðal annars:

Meðan kommúnistaskríllinn jós alþingishúsið aur og grjóti að utan, nálgudust þingmenn kommúnista inni í húsinu brjóstlíkanið af Jóni Sigurðssyni með sínum saurugu höndum og sneru því við til þess að láta síðan taka mynd af því í laumi fyrir *Þjóðviljann*. Fer þá skörin að færast upp á bekkinn er, þessi ættjarðarlaus skríll hyggst geta eignað sér Jón Sigurðsson!⁴¹

⁴⁰ Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949*, bls. 258-261.

⁴¹ „Kommúnístísk ósvífn“, *Alþýðublaðið*, 2. apríl 1949, bls. 8.

Það var því ekki aðeins sú skömm að hafa vogað sér að snúa Jóni Sigurðssyni til veggjar, sem stakk andstæðinga Sósíalístaflokksins í augun, heldur einnig það að flokkurinn hafi vogað sér að gera tilkall til nafns hans. Það er svo aftur kaldhæðnislegt að þegar öllu var á botninn hvolft hafði í raun engin saurgun á sjálfstæðishetju Íslendinga átt sér stað. Heldur hafði maður af umhyggju sinni fyrir listaverkinu snúið brjóstmyndinni til veggjar, í viðleitni sinni til þess að vernda minningu Jóns.

Það er engin spurning að Jón Sigurðsson var dáður, það má þó ekki skilja sem svo að hann hafi aldrei verið gagnrýndur, eða að allir hafi ávallt verið sammála hugmyndum hans. Með tímanum hefur ímynd Jóns verið sett á sífellt hærri stall, þar sem hans er minnst sem frelsishetju þjóðarinnar. Það má því mögulega halda því fram að þannig hafi hinn raunverulegi Jón Sigurðsson horfið og gleymst og eftir stendur goðsögnin ein, sem á kannski lítið skylt við hinn raunverulega Jón, sem eitt sinn var aðeins maður af holdi og blóði. Í bók eftir Guðmund Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið - uppruni og endimörk*, segir til dæmis:

Það hlutskipti að verða sameiningartákn og þjóðardýrlingur á hér einnig hlut að máli, því að sú virðingarstaða hefur nær útilokað alla gagnrýna umræðu um málflutning Jóns Sigurðssonar. ... Í minningu þjóðarinnar lifir þjóðernissinninn sem hét því að víkja aldrei frá yfstrustu kröfum á hendur herraþjóðinni og samkvæmt goðsögninni stóð þjóðin öll sameinuð að baki forystumanninum. Þegar skyggst er undir yfirborðið sést þó hvort tveggja að þjóðernisstefnan var aðeins einn þráður í skoðunum Jóns Sigurðssonar og að oft stönguðust pólitískar hugsjónir hans á við viðteknar skoðanir samtímamanna hans á Íslandi.⁴²

Það sem Guðmundur er hér að benda á, er það hvernig ákveðinni söguvitund og ímynd um Jón Sigurðsson hefur verið haldið á lofti. Í þessari söguvitund er búið að fjarlægja það sem ekki telst þess vert að minnast, og eftir stendur þægileg ímynd þjóðhetju, sem almenningur á auðvelt með að samsama sig við. Þannig hefur Jón Sigurðsson orðið hluti af nútímanum, þar sem honum er stillt upp sem ákveðinni fyrirmynd, sem og tákngervingi fyrir sameinaða þjóð. Þrátt fyrir þetta segir Guðmundur að hugmyndir um uppruna þjóða og tengsl fortíðar við nútímann, hér á Íslandi og erlendis, hafi átt undir högg að sækja undanfarin ár. Það er að segja að ýmsir aðilar hafa bent á það að hugmyndir um sameiginlegar minningar og söguvitund þjóða, eigi sér nánast enga stoð í raunveruleikanum. Þannig voru ákveðnar sameiginlegar minningar þjóðarinnar í

⁴² Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið – uppruni og endimörk*, bls. 79.

rauninni búna til, þ.e. valin voru brot úr fortíðinni sem ætlað var að viðhalda ákveðnum hugmyndum um hið liðna. Þessum hugmyndum hefur svo verið haldið fram í viðleitni til þess að fela þá staðreynd að ríkjandi söguskoðun var á sínum tíma í rauninni haldið að þegnunum, og svo markvisst haldið við eftir það. Þannig hefur saga þjóða verið rituð og sett fram, með það að markmiði að verja og réttlæta ríkjandi valdakerfi hverju sinni, og á sama tíma er breytt yfir þá staðreynd að ávallt hafa verið til hópar innan samfélagsins sem tekist hafa á vegna ólíkra hagsmuna og sjónarmiða.⁴³

Líkt og með ímynd Jóns, stendur þannig eftir þægileg söguvitund um þjóð sem hefur ávallt verið samheldinn, það er, hópur fólks sem í sameiningu sinni byggði upp það þjóðfélag sem við þekkjum í dag. Á Íslandi var þetta fólk sem hafði í gegnum aldirnar lifað í sátt og samlyndi á afar harðbýlli eyju, fólk sem hafði hvorki misst vonina né baráttuviljann, fólk sem bar brennandi ættjarðarást í brjósti sér og stóð sem ein heild gegn erlendum yfirráðum. Þegar skyggst er svo undir yfirborðið, líkt og Guðmundur kemur inná hvað varðar minningu Jóns Sigurðssonar, blasir þó yfirleitt við öllu kaldari raunveruleiki, þar sem innri deilur og ósamræmi yfirgnæfa allar hugmyndir um samhug og glæsta fortíð. Spurningin er þá sú hvers vegna við kjósum að trúa því, sem hægt er að finna rök fyrir að sé ekki satt, og hvers vegna við lítum ekki undir yfirborðið. Svárið er meðal annars að finna í kennslubókum Jónasar frá Hriflu, sem nú verður fjallað um.

⁴³ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið – uppruni og endimörk*, bls. 232.

4. kafli Hugmyndafræðileg áhrif kennslubóka Jónasar frá Hriflu

Söguvitund þjóða er samtvinnuð menningararfinum, og þeir aðilar sem hafa hvað mest áhrif á mótun söguskoðunar Íslendinga, eru líklegast þeir Jón Jónsson Aðils, sem fjallað var um hér að ofan, og Jónas Jónsson frá Hriflu. Í þessum kafla verður gluggað í hugmyndir hins síðarnefnda og leitast eftir því að gera grein fyrir því hvaða augum hann leit Íslandssöguna, sem og hvernig hugmyndafræði hans smitaðist út í þjóðfélagið. Fyrir utan það að vera afar umdeildur stjórnámamaður var Jónas einnig kennari í hartnær fjóra áratugi. Hann hafði þó að öllum líkindum einna mest áhrif á söguskoðun Íslendinga í gegnum kennslubækur sínar um sögu Íslands. Bækur Jónasar voru kenndar í skólum landsins, og hafa vafalaust átt stóran þátt í því að móta söguskoðun þjóðarinnar. Í blaðinu *Samvinnan* er að finna grein frá árinu 1985 þar sem Gylfi Gröndal ræðir við Þóri Baldvinsson arkitekt um kynni hans af Jónasi frá Hriflu. Þar segir Þórir til dæmis um Jónas að „mestan áhuga hafði hann þó á menntamálum, bókmenntum og listum, og hann þreyttist aldrei á að brýna fyrir mönnum nauðsyn þess að standa dyggilega vörð um hinn forna íslenska menningararf“.⁴⁴

Í grein sem birtist í dagblaðinu *Tímanum* árið 1983 er svo fjallað um söguskoðun Jónasar frá Hriflu. Þar kemur fram að kennslubækur Jónasar séu í rauninni betri heimild um hann sjálfan en sögu íslensku þjóðarinnar. Ástæðan er meðal annars sú að Jónas ritaði þessar bækur fyrir börn og stíllinn var því einfaldur og skýr. Jónas gerði sér einnig fulla grein fyrir því að hann væri kennari en ekki sagnfræðingur, og því nálgast hann viðfangsefni sitt ekki á fræðilegan hátt. Í stað þess að gera nákvæma greiningu á sögunni var markmið hans það að gera söguna aðgengilegri. Sökum þessa einbeitti Jónas sér að því að segja frá mikilmennum og atburðum sem voru líklegir til að vekja áhuga og vera eftirminnilegir, en lagði minna upp úr sagnfræðilegri nákvæmni eða því að rekja orsakaskýringar sögunnar. Jónas var til að mynda fremur ógagnrýninn á þær heimildir sem hann notaðist við, og hann virðist ekki efast um sannleiksgildi íslenskra fornrita eða Íslendingasagna. Frásögn Jónasar er einnig skáldleg á köflum, og í rauninni virðist hann fjalla mest um það sem hann hafði persónulegan áhuga á.⁴⁵ Því má segja að

⁴⁴ Gylfi Gröndal, „Af vörum gestsins reis nýtt Ísland“, *Samvinnan*, 1. mars 1985, bls. 18.

⁴⁵ „Gluggað í hina áhrifamiklu kennslubók Jónasar frá Hriflu um Íslandssögu“, *Tíminn*, 6. febrúar 1983, bls. 4-5.

framsetning og efnistöð Jónasar séu að mörgu leyti eftir hans eigin höfði, hann segir til að mynda í formála fyrri heftis bókarinnar *Íslandssaga handa börnum* að:

Bók þessi er nokkuð með öðru sniði en eldri kennslubækur í Íslandssögu. Kemur það af því, að hún er eingöngu ætluð börnum. Er því lítil áhersla lögð á stjórnarfarssöguna, tímabilaskiftingar, ártöl eða ættartölur, en meira sagt frá einstökum atburðum, er mega kallast sögulegir, og ýmsum atriðum menningarsögunnar. En af þessu leiðir, að efninu verður tæplega raðað í nákvæmt kerfi eftir tímaröð, eins og yrði að gera í sögubók handa unglingum og fullorðnum mönnum.⁴⁶

Jónas hefur einnig sterkar skoðanir á því sem hann skrifar um og hikar ekki við það að vera hlutdrægur og láta persónuleg viðhorf sín í ljós, ekki síst þegar hann lýsir bæði mönnum og hinum ýmsu atburðum. Það sem einkennir sögu Jónasar eru stjórnsmál og stjórnarfar, enda er meginsteff bóka hans hugmyndin um frelsið, þ.e.a.s. sú hugmynd að saga íslensku þjóðarinnar sé saga sífelfdrar frelssbaráttu. Annað einkennandi viðhorf í ritum Jónasar er svo trú hans á hina sterku einstaklingshyggju Íslendinga, en Íslandssaga hans er nánast eingöngu rituð út frá hetjulegum mikilmönnum. Þjóðerniskennd svífur einnig yfir vötnum, og Jónas dylur ekki þá miklu andúð sem hann hefur gagnvart erlendu valdi, enda ritaði hann um sögu Íslands er sjálfstæðisbaráttan var enn í fullum gangi.⁴⁷

Í grein í *Morgunblaðinu* frá árinu 1983 er fjallað um endurskoðun á kennslubókum í Íslandssögu sem þá átti sér stað. Í greininni kemur fram að mest hafi verið notast við þrjár kennslubækur, þ.e.a.s. bækur Jónasar Jónssonar frá Hriflu, Þórleifs Bjarnasonar og Þorsteins M. Jónssonar, en þó einna helst bækur Jónasar vegna þess að frásögn hans þótti fjórlegust og áhugaverðust. Þar segir einnig að kennslubækur þessar hafi árin á undan legið undir gagnrýni frá bæði kennurum og sagnfræðingum sem töldu bækurnar vera orðnar úreltar vegna þess að efnistöð kennslubókanna þóttu heldur hlutdræg og einsýn, og þeim var einnig fundið það til foráttu að þær sögðu nánast eingöngu frá merkjum atburðum og mikilmönnum.⁴⁸

Kennslubækur Jónasar höfðu þó verið afar vinsælar, og ekki bara hjá börnum sem fundust þær skemmtilegar heldur einnig meðal kennara sem nutu þess hversu auðvelt það var að vekja áhuga nemenda á Íslandssögunni. Þetta var nefnilega alls ekki

⁴⁶ Jónas Jónsson, *Íslandssaga handa börnum*, fyrri hefti, bls. 3.

⁴⁷ „Gluggað í hina áhrifamiklu kennslubók Jónasar frá Hriflu um Íslandssögu“, *Tíminn*, 6. febrúar 1983, bls. 4-5.

⁴⁸ Guðmundur Magnússon, „Íslandssagan umrituð“, *Morgunblaðið*, 13. nóvember 1983, bls. 54.

sjálfgefið og höfundum annarra kennslubóka sem á eftir komu virtist það ekki eins auðvelt að rita jafn vekjandi stíl og Jónas hafði gert. Í grein í *Morgunblaðinu* frá árinu 1984 er til að mynda að finna grein eftir kennslukonuna Rósu B. Blöndals, þar sem hún beinlínis kallar eftir því að kennslubækur Jónasar frá Hriflu séu teknar upp á nýjan leik, en í greininni segir:

Ef nokkur alvara er á bak við þau orð, sem sögð hafa verið á Alþingi, að vér skulum standa vörð um söguþekkingu vora og fornan menningararf, þá leyfi ég mér að skora á þá menningarforystu að láta taka Jónasar sögu Jónssonar upp aftur sem námsgrein í barnaskólum ...⁴⁹

Í greininni minnst Rósa þess einnig er hún var í barnaskóla að læra sögu, og segir að hún hafi fyrst tekið ást á sögunni er Íslandssaga Jónasar var tekin upp. Hún fer svo lofsamlegum orðum um Jónas og segir hann hafa gert ekki bara ungum börnum heldur þjóðinni allri mikinn greiða með því að skrifa svo snilldarlega um sögu Íslands. Hún segir einnig að kennslubækur Jónasar hafi kennt ungum börnum að unna sögu lands og þjóðar, en svo hafi þótt þörf á breytingum og nýjar kennslubækur um Íslandssögu hafi verið teknar upp, sem Þórleifur Bjarnason kennari ritaði. Þessi nýja saga var afar frábrugðin sögu Jónasar, því að meira var um upptalningu á nöfnum og ártölum og frásagnir allar mun styttri. Rósa segir að saga þessi hafi í raun ekki verið saga, heldur mun fremur skýrsla um sögu, og því hafi hún ekki verið hrifin af því að notast við þessa nýju bók við kennslu. Hún segir líka að nemendur hennar hafi mun fremur valið bækur Jónasar, þrátt fyrir að þær væru lengri, einfaldlega vegna þess að þær væru svo miklu skemmtilegri. Rósa endar svo greinina á því að segja, „fyrir mörgum árum sá ég í blaðagrein að einhver fann Jónasarsögu það til foráttu, að hún væri of rómantísk. Jónasarsaga er ekki rómantískari en Íslendingasögur gefa efni til“.⁵⁰

Hér má sjá hversu ástsæl söguskoðun Jónasar var í hugum margra landsmanna, sem söknuðu greinilega sögu hans er nýjar kennslubækur leystu hana af hólmi. Enda er það í rauninni ekki skrítið að bækur hans nutu jafn mikilla vinsælda og raun ber vitni, þar sem Jónas upphóf hina glæstu gullöld, ritaði um íslenska kapp og hetjudáðir þeirra og dró fram það allra áhugaverðasta úr fortíðinni. Það má því jafnvel segja sem svo að þetta hafi verið nokkurn veginn eins og að lesa ævintýri, og þar af leiðandi ekki að furða

⁴⁹ Rósa B. Blöndals, „Íslandssaga Jónasar Jónssonar“, *Morgunblaðið*, 15. nóvember 1984, bls. 56.

⁵⁰ Rósa B. Blöndals, „Íslandssaga Jónasar Jónssonar“, *Morgunblaðið*, 15. nóvember 1984, bls. 56.

að sagan höfðaði til barna og lifði með þeim fram á fullorðinsárin. Þrátt fyrir það að Jónasi hafi tekist að draga upp svo fagra mynd af fortíðinni, sem vissulega átti upp á pallborðið hjá mörgum, er staðreyndin þó sú að þessi söguvitund stenst alls ekki nánari rannsóknir líkt og komið var inná hér að ofan hvað varðar endurskoðun kennslubóka í Íslandssögu, en þessi endurskoðun en meðal annars umfjöllunarefni kaflanna hér á eftir.

5. kafli Goðsögur og framleiðsla minninga

Það virðist vera sem svo að ákveðinn rammi hafi verið skapaður utan um íslenska söguvitund á fyrri hluta síðustu aldar, það er að segja að ákveðin viðmið og gildi sem eru almennt viðurkennd séu nú ráðandi, sem gerir það að verkum að afar erfitt er að komast út fyrir þennan fyrirfram ákveðna ramma. Ein af ástæðunum fyrir þessu gæti verið sú að fyrir mörgum má engu breyta, og þá sérstaklega ekki því sem talið er vega að þjóðarvitund Íslendinga, því sem talið er óbreytanlegt og jafnvel heilagt. Þrátt fyrir það er ekki svo að skilja að fólk sé alltaf sammála um söguna eða túlki fortíðina á sama hátt. Sagan hefur í gegnum tíðina verið túlkuð eftir hentugleikum ólíkra aðila, allt eftir því hvaða merking er lögð í heimildirnar hverju sinni. Þannig hafa einstaka atburðir fortíðar verið dregnir fram, og annað sem ekki er talið vert að minnast er látið kyrrt liggja, en með því er hægt að móta söguvitund fólks og á sama tíma gera söguna enn áhugaverðari.

Í þessu sambandi er vert að nefna grein eftir sagnfræðinemann Skarphéðinn Guðmundsson sem birtist í *Stúdentablaðinu* árið 1995, en þar er fjallað um sannleiksgildi kvikmynda og hvernig þær geta miðlað áfram þekkingu og mótað söguvitund fólks. Hér að ofan hefur verið fjallað um fyrirlestrahald og bækur Jóns Aðils sem og kennslubækur Jónasar frá Hriflu, en ekki má gleyma áhrifum kvikmynda, sérstaklega í því nútímasamfélagi sem við búum í í dag. Í greininni segir að kvikmyndagerðarmenn hafi, allt frá því er kvikmyndagerð hófst, brugðið sér í hlutverk sagnfræðinga. Enda eru kvikmyndir tæki til þess að setja söguna fram á sjónrænan hátt, þar sem áhorfandinn getur auðveldlega sogast inn í hina myndrænu frásögn. Fortíðin sjálf hefur líka að geyma ótrúlega atburði, sem jafnvel mannshugurinn á erfitt með að ímynda sér og leika eftir, en þó hafa kvikmyndagerðarmenn iðulega gert sér mat úr sögulegum viðburðum í myndum sínum. Oft er því ýjað að því um kvikmyndir að þær segi frá sannsögulegum atburðum og persónum. Þetta hafa sagnfræðingar oft á tíðum gagnrýnt, vegna þess að þeim finnst kvikmyndagerðarmenn stundum hafa farið heldur frjálstlega með sögulegar staðreyndir, eða þá virt þær að vettugi ef þær eru ekki taldar hafa afþreyingargildi eða vera nógu dramatískar. Það gefur auga leið að þá tekur skáldskapurinn völdin, en áhorfandinn áttar sig í flestum tilvikum ekki á því hvar sagan endar og skáldskapurinn tekur við og situr þar af leiðandi eftir með nokkuð brenglaða

söguvitund, söguvitund sem áhorfandinn telur þó vera sanna og rétta því að myndin er sögð vera sannsöguleg. Í framhaldi af þessu veltir Skarphéðinn því svo fyrir sér hvort sögulegar staðreyndir og hin raunverulega atburðarrás geti ekki uppfyllt kröfur áhorfandans um afþreyingargildi. Hann virðist komast að þeirri niðurstöðu að svo sé ekki, og segir að það sé vegna þess, að ef kvikmyndagerðar- maðurinn er of bundinn við sögulegar heimildir takmarkast rými hans til listsköpunar verulega, og þá er hætt við að myndin verði ekki nógu áhugaverð eða takist ekki að fanga hug áhorfandans.⁵¹

Það sem ber því að hafa í huga er að mörgum kvikmyndum er ranglega haldið fram sem fulltrúum sannsögulegra atburða, en það er varhugavert eins og fram kom í greininni, sökum þess að grunlausir áhorfendur öðlast þannig rangar hugmyndir um sögulega atburði. Af þessu má líka sjá að það er að mörgu leyti eins með framsetningu sögunnar í kvikmyndum og þá söguvitund sem hefur í gegnum tíðina verið haldið fram í kennslubókum, til að mynda hér á landi. Þ.e.a.s. hin raunverulega atburðarrás sögunnar virðist ekki hafa sama sannfæringar- kraft og sú söguvitund sem búið er að dauðhreinsa af öllu því sem ekki er talið vekja áhuga, eða ekki er talið vert að minnast.

Í *Lesbók Morgunblaðsins* frá árinu 2004 er grein eftir Sigurð Gylfa Magnússon sagnfræðing sem fjallar um samspil minninga og framsetningu sögunnar. Í greininni tekur Sigurður Gylfi dæmi um það hvernig sögunni er miðlað áfram í þeim tilgangi að kalla fram þægilegar og góðar minningar. Sigurður segir til dæmis að kennslubækur og yfirlitsrit um söguna reki oftast hagræna framvindu og atburðarrás sem að höfundar telja að sé landsmönnum sameiginleg. Þannig verða til rit sem sýna fram á samfellda framfarapróun ríkja, sem einnig er ætlað að vera nokkuð auðlesin og meðtækileg fyrir lesandann. Af þessum sökum örlar yfirleitt ekki fyrir þeim erfiðleikum og mótsögnum sem fólk mætir í hinu hversdagslega lífi, enda myndi það brjóta í bága við þá sögulegu samfellu sem ritin byggja á. Það er þó ekki einungis í bókum sem að minningarframleiðslunni er stjórnað á þennan hátt, heldur einnig á ráðstefnum um söguleg málefni, sem og hvað varðar hönnun minnisvarða og stytta af ýmsu tagi. Sigurður heldur svo áfram og segir, að þrátt fyrir þá endurskoðun sögunnar sem hefur átt sér stað hér á landi, sérstaklega úr röðum fræðimanna, sem hafa tekið af sér hin þjóðernissinnuðu gleraugu sem fortíðin var yfirleitt rannsökuð með, hefur það þó haft merkilega lítil áhrif á framsetningu sögunnar. Hann segir svo að:

⁵¹ Skarphéðinn Guðmundsson, „Afþreyingargildi veruleikans“, *Stúdentablaðið*, 10. nóvember 1995, bls. 14.

Í það minnsta blasir andstæða hennar við hvert sem litið er; í nýjum kennslubókum, í yfirlitsritum sem gefin eru út af miklum þrótti á hverju ári, í hugmyndafræði minnismarkjanna sem reist eru víða um land og loks á „söguhátiðunum“ sem haldnar eru með reglulegu millibili. Allt eru þetta birtingarmyndir þeirrar söguskoðunar sem eru almannavaldinu þóknanlegar. Það leggur til fjármunina, styður framtak sem lýtur lögmálum sameiningartáknanna og hampar söguskoðunum sem henta í pólitískri baráttu sinni eða hugmyndafræðilegri endurnýjun hverju sinni. Námskrár eru samdar, stytur reistar og gömul hús endursköpuð til þess eins að standa sem kennileiti minninganna ...⁵²

Sigurður er greinilega þeirrar skoðunar að framsetning sögunnar og birting minja úr fortíðinni sé tilbúningur þeirra sem hafa hagsmuni af því að stjórna minningum landans. Hann virðist þó einnig telja að almenningur sjálfur standi á bakvið þetta, þar sem að fólk virðist leggja mikið upp úr því að vitund þess um fortíðina sé sem átakaminnst. Þannig eru ævisögur, myndastyttur, kennslubækur, yfirlitsrit og fleira af því tagi, ákveðin tæki til þess að skapa og móta fortíðina, og búa til sögulegt minni sem er þjóðinni sameiginlegt. Hann segir einnig að ákveðin hugmyndafræði standi á bakvið þann stakk sem sögunni hefur verið sniðinn, en það er sú hugmynd að nauðsynlegt sé að ota í sífellu að þjóðinni „kynningu á gildum sem klifað er á að séu okkur heilög; sjálfstæði þjóðarinnar“. Sigurður endar svo á því að segja að nauðsynlegt sé að fjalla á opinn og gagnrýnninn hátt um þær minningar sem haldið er á lofti, sökum þess að framsetning þeirra er verk manna og því ávallt litað af samtímanum. Vegna þessa verður að taka með fyrirvara, ýmsu af því sem sett er fram sem heilög sannindi.⁵³

Þau heilögu sannindi minninganna sem Sigurður Gylfi talar um eru í rauninni hluti af þeim goðsögum sem búnar voru til á tímum sjálfstæðisbaráttunnar, en ýmsir mannfræðingar hafa bent á það að goðsögur séu meðal annars, notaðar í því skyni að réttlæta ríkjandi þjóðfélagskipan. Trúarbragðafræðingurinn Mircea Eliade hefur til dæmis haldið því fram að goðsögur séu mikilvægar þegar kemur að félagsmótun, vegna þess að þær geyma hugmyndir um sköpunarsögu og menningu þjóða. Annar fræðimaður, franskur bókmenntafræðingurinn Roland Barthes, tekur í svipaðan streng en samkvæmt honum umbreyta goðsagnir sögunni í náttúrulegt ástand og „birta þannig heim sem er án þversagna vegna þess að sögulega dýpt vantar“. Að lokum er svo vert að nefna mannfræðinginn Roger Keesing, en hann telur að þeir einstaklingar „sem aldir eru

⁵² Sigurður Gylfi Magnússon, „Kennileiti minninga“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 3. apríl 2004, bls. 6.

⁵³ Sigurður Gylfi Magnússon, „Kennileiti minninga“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 3. apríl 2004, bls. 6-7.

upp við goðsagnir um þjóðararf séu ekki líklegir til þess að fósra gagnrýna hugsun um eigin sögu“.⁵⁴

⁵⁴ Sigurjón Baldur Hafsteinsson, „Glansmyndir fyrr og nú“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 1. mars 1997, bls. 17.

6. kafli Hin hefðbundna söguskoðun og þeir sem ganga gegn henni

Afar áhugaverða grein er að finna í *Vikublaðinu* frá árinu 1994, en hana ritaði Páll Vilhjálmsson ritstjóri í tilefni af ráðstefnunni „Sagan og samtíminn, ráðstefna um söguskoðun“ sem haldin var þann 19. febrúar sama ár. Greinin er mjög gagnrýnin á köflum, þar sem Páli finnst sagnfræðingar yfirleitt veigra sér við því að svara erfiðum spurningum er kemur að endurskoðun söguskoðunar hér á landi. Hann segir til að mynda að sjaldan birtist verk eftir sagnfræðinga sem gangi í berhögg við ríkjandi hefðir, og að tilefni ráðstefnunnar sjálfrar hafi ekki einu sinni verið verk sagnfræðinga heldur sjónvarpsþættir þáttagerðarmanns, sem var ekki úr röðum sagnfræðinga. Páll byrjar á því að segja að lengi vel hafi hér á landi verið aðeins ein söguskoðun, sem flestir virtust vera sammála um. Gildi sjálfstæðisbaráttunnar voru í hávegum höfð, til að mynda í bókum Jóns Jónssonar Aðils og Jónasar frá Hriflu, en söguskoðun þeirra einkenndist af ákveðinni hetjudýrkun, þar sem rauði þráðurinn var hin sífella barátta fyrir sjálfstæði þjóðarinnar sem hún hafði misst á 13. öld. Páll heldur svo áfram og segir að þrátt fyrir miklar deilur og pólitísk átök á fyrri hluta 20. aldar hafi stjórnmalaflokkarnir allir fylgt liði á bakvið sömu söguskoðunina, þrátt fyrir ólíka hugmyndafræði flokkanna. Menn virtust ekki leggja í það að ganga gegn viðteknum hugmyndum um sögu íslensku þjóðarinnar, líklegast vegna ótta við ásakanir um það að vera taldir óþjóðlegir. Að sama skapi segir Páll að sagnfræðingar sem leitist við að endurskoða söguna geri það oft varfærnislega og vilji þá, til að mynda, að gamla söguskoðunin fái að standa við hlið þeirrar nýju, en oft er um að ræða svo ólík viðhorf að þau beinlínis stangist á, og útiloki þar með hvort annað. Grunntónninn í grein Páls er í rauninni sá að sagnfræðin hér á landi hafi átt í ákveðinni tilvistarkreppu, það er að segja að sagnfræðingar hafi að mörgu leyti týnt gömlu sögunni, en væru að vandræðast með það hvað ætti að koma í staðinn. Hann telur að uppreisn sagnfræðinganna sjálfra gagnvart hinni gömlu söguskoðun gæti einmitt verið meðalið sem til þyrfti til þess að bjarga fræðigreininni.⁵⁵

Páll Vilhjálmsson var gagnrýndur harðlega fyrir þessi ummæli sín um sagnfræðinga sem og þau vandamál sem hann taldi fræðigreinina standa frammi fyrir. Gísli Gunnarsson, þá dósent í sagnfræði, ritaði til að mynda grein í *Vikublaðið* árið 1994

⁵⁵ Páll Vilhjálmsson, „Félagi Maó og fortíðin á Fróni“, *Vikublaðið*, 3. mars 1994, bls. 8-9.

þar sem hann segir að Páll hafi afbakað allt það sem fjallað var um á ráðstefnunni og að mestu leyti talað um hluti sem ekki komu þar fram. Gísli fjallar einnig stuttlega um endurskoðun sögunnar og segir að um hana hafi meira að segja verið rætt á ráðstefnunni, hann heldur svo áfram og segir:

Sem sagt: Pistillinn er engin frétt. Hann er hins vegar tilraun Páls til að leika fræðimann, að skilgreina eigin hugmyndir um söguskoðanir Íslendinga og réttmæti sögulegrar skilgreiningar, að einhverju leyti með hliðsjón af ráðstefnunni.⁵⁶

Þannig má segja að vandamálið sé ekki það að sagan hafi ekki verið endurskoðuð, eða það að sagnfræðingar vilji ekki ganga gegn viðteknum hugmyndum um söguna, heldur er vandamálið mun fremur það að þessi endurskoðun virðist ekki skila sér út í samfélagið líkt og Sigurður Gylfi Magnússon hefur bent á. Söguvitund og það sem er talið vera menningararfur þjóðarinnar, virðist á einhvern hátt vera meitlað í stein, ef svo má að orði komast. Það er að segja að þrátt fyrir að fræðimenn setji fram ný viðhorf og nýjar rannsóknir kynnir almenningur sér þær yfirleitt ekki, og á einnig oft erfitt með að viðurkenna nýjar rannsóknir. Margir virðast vera á þeirri skoðun að það sem er gamalt, sé þar af leiðandi gott og gilt, á einhvern hátt betra og sannara en það sem er nýtt.

Í framhaldi af þessu er vert að nefna dæmi um þá endurskoðun sögunnar sem var tilefni áður nefndrar ráðstefnu Sagnfræðingafélags Íslands, en það var sýning á heimildapáttaröð árið 1993 sem fjallaði um gamla íslenska bændasamfélagið. Höfundur þáttanna var Baldur Hermannsson. Þættirnir, sem hétu *Þjóð í hlekkjum hugarfarsins*, komu landsmönnum algerlega í opna skjöldu. Fólk hafði vanist því að sjá sveitir landsins og sögu þeirra í dýrðarljóma, en allt önnur mynd var dregin upp af þeim í þáttunum. Höfundur þeirra var miskunnarlaus í umfjöllun sinni á misskiptingu auðs í hinu gamla bændasamfélagi, og þeirri spillingu og grimmd sem af því hlaust. Viðbrögð almennings og fræðimanna við þáttunum voru óumdeilanlega mikil, og mikið var rætt um þá bæði í dagblöðum og útvarpi, en óhætt er að segja að afar margir voru ósáttir við framsetningu og efnistöð Baldurs. Það er líka ekki skrítið í ljósi þess að hann gekk algerlega gegn hinni hefðbundnu ríkjandi söguskoðun Íslendinga, það er að segja þeirri söguskoðun að hin íslenska þjóð hefði frá fyrstu tíð verið sterk þjóð og samheldin. Efnistöð Baldurs í þáttunum voru þó ekki gripin úr lausu lofti, því þau voru í takt við þá

⁵⁶ Gísli Gunnarsson, „Engin frétt, engin fræði og hvað þá?“ *Vikublaðið*, 24. mars 1994, bls. 6.

endurskoðun á íslenskri sögu, sem hafði byrjað á fyrri hluta níunda áratugarins og ýmsir íslenskir sagnfræðingar stóðu að. Það sem þessir sagnfræðingar gerðu var það að endurskoða hina þjóðernissinnuðu söguskoðun, og líta sögu Íslands mun gagnrýnni augum en áður hafði verið gert. Tekið var að skoða söguna neðan frá og áherslan færðist frá mönnum í valdastöðum yfir til alþýðunnar. Hætt var að líta á Íslendinga fortíðar sem eina samheldna þjóð, og menn fóru að gera sér grein fyrir því að þetta voru margir sundurleitir hópar, sem skiptust í stéttir og höfðu ólíkra hagsmuna að gæta.⁵⁷

Eins og sagði áðan voru þættir Baldurs í anda ákveðinnar endurskoðunar á íslenskri sögu, sem þá þegar var hafin. En í viðtali við Gísla Gunnarsson, sem Hilma Gunnarsdóttir tók, og birtist í bókinni *Frá endurskoðun til upplausnar*, segir:

Á áttunda áratugnum var farið að draga í efa að í íslenska bændasamfélaginu hefðu allir lifað saman í sátt og við sémilegt jafnræði. Árið 1967 kom út í Lundi doktorsritgerð eftir Björn Lárusson þar sem hann tók fyrir jarðæign Íslendinga 1686-1695. Þar kom í ljós að flestir Íslendingar voru fátækir leiguliðar og að það var til ákveðin yfirstétt í landinu sem var einungis um 1% þjóðarinnar.⁵⁸

Sú mynd sem Baldur dró svo af íslensku samfélagi fyrri alda sýndi þessa misskiptingu og var drungaleg og myrk, þar sem grimmd bændastéttarinnar, vistarbandið, ungbarnadauði, skortur á samúð, samkynhneigð og kynlíf með dýrum, voru í forgrunni. Í þáttunum heldur Baldur því til að mynda fram að Íslendingar hafi lagt áherslu á rangan atvinnuveg í 600 ár, og fjallar samfara því um hörmungar þess að sjávarútvegur fékk ekki að þróast og dafna hér á landi. Hann telur einnig að er landbúnaðurinn varð aðalatvinnugrein þjóðarinnar hafi bóndinn að sama skapi orðið drottnari annarra þjóðfélagshópa, sem hann svo stjórnaði með harðri hendi. Lengi vel var það svo markmið bændastéttarinnar, segir Baldur, að halda aftur af sjávarútvegi og koma í veg fyrir það að sú atvinnugrein fengi að vaxa að einhverju ráði. Þessu vann bændastéttin markvisst að, annars vegar vegna ótta við það að missa vinnuafli, en einnig vegna hræðslu við það að missa yfirráð sín innan samfélagsins og þjóðfélagsstöðu. Samkvæmt Baldri gátu Íslendingar því í rauninni sjálfum sér um kennt hvað varðaði ógæfu landsmanna og slæm kjör þjóðarinnar, en stærsta sök átti þó bændastéttin.⁵⁹

⁵⁷ Jón Þór Pétursson, „Tortímandinn“, *Frá endurskoðun til upplausnar*, bls. 151-153.

⁵⁸ Hilma Gunnarsdóttir, „Viðtöl við þrjá sagnfræðinga“, *Frá endurskoðun til upplausnar*, bls. 111.

⁵⁹ Jón Þór Pétursson, „Tortímandinn“, *Frá endurskoðun til upplausnar*, bls. 159-166.

Framsetning og efnistöð Baldurs í þáttunum braut augljóslega gegn sjálfsmynd þjóðarinnar, og það má jafnvel ímynda sér að markmið Baldurs hafi verið það að ganga fram af fólki. Sú söguskoðun sem hann fór gegn var glæsileg og einföld, og hún bauð fólki einnig upp á það að minnast fámennrar en þó samheldrar þjóðar, sem hafði alla tíð barist gegn erlendu valdi. Það sem svo birtist fólki í þáttunum *Þjóð í hlekkjum hugarfarsins* var grimmur raunveruleiki fortíðar þar sem sýnt var fram á breyskleika mannsins og græðgi, gífurlega misskiptingu gæða sem gerði það að verkum að stærsti hluti þjóðarinnar þjáðist af fátækt og hungri, og hugmyndin um samheldni var víðsfjarri.

Sökum þessa vöktu þættirnir óumdeilanlega mikla athygli meðal fólks, sem og andúð, enda ólíkir þeim heimildarþáttum sem fólk hafði áður séð, og átti að venjast. Mannfræðing-urinn Sigurjón Baldur Hafsteinsson ritaði grein í *Lesbók Morgunblaðsins* árið 1997, þar sem hann gerir greinagóð skil á þáttunum og viðbrögðum samfélagsins í kjölfar þeirra. Sigurjón byrjar á því að útskýra hvers vegna andstaða fólks gagnvart þáttunum var jafn sterk og raun bar vitni, en ástæðuna telur hann liggja djúpt í sjálfsvitund þjóðarinnar. Hann segir til að mynda að danski blaðamaðinn Ulrik Hoy, hafi vakið máls á því að Íslendingar hafi lengi safnað glansmyndum af sjálfum sér og þjóðinni, þessar tilbúnu glansmyndir sýni fortíðina í hyllingum, upphefji goðsagnir og telji mönnum trú um það að þjóðin hafi ávallt verið samheldin hópur. Sigurjón segir svo að samkvæmt Ulrik og Þorgeiri Þorgeirssyni, kvikmyndagerðarmanni og rithöfundu, sé hægt að „skýra þessar myndir á þann hátt að þetta sé skiljanlegt vegna þess að þjóðin sé svo ung og hún sé ekki ennþá í veruleikatengslum og hegði sér því eins og barn eða geðsjúklingur“. Skoðun þeirra er nokkuð kaldranaleg og þeir taka ansi sterkt til orða, en þó er ekki hlaupið frá því að maður sjái skoplegu hliðina líka, er snertir það að þeir líkja íslensku þjóðinni við geðsjúkling með ranghugmyndir. Sigurjón er þó ekki á sama máli, en hann telur að glansmyndirnar „þjóni frekar hlutverki réttlætningar á óbreyttri sjálfsmynd fremur en að vera Íslendingum athvarf frá raunveruleikanum“. Það að ætla sér svo að rífa þessar glansmyndir niður, hina heilögu ímynd, er ekki svo auðvelt eins og ummæli fólks í kjölfar þáttanna gefa til kynna, en því heyrðist fleygt fram að þættirnir væru ekkert nema hryllileg aðför að íslensku bændasamfélagi, með þann tilgang einan að berja niður þjóðerniskennd Íslendinga. Þáttunum var meira að segja líkt við kvikmyndir nasista sem úthúðuðu gyðingum á sínum tíma, svo sterk voru andmælin. Þó voru ekki allir svo mótfallnir þáttunum, og má þar nefna Gísla Gunnarsson

sagnfræðing, sem taldi þættina meðal annars vera gott mótvægi gegn þeirri lygi sem þjóðin hefur verið alin á.⁶⁰

6.1. kafli Er söguvitund Íslendingum í blóð borin ?

Í lokin er vert að skoða betur eina af þeim spurningum sem sett var fram í inngangi, en það var það hvort að menningararfur og söguvitund Íslendinga væri þjóðinni meðfæddur og í raun eðlislægur. Í grein í tímaritinu *Vikublaðinu* frá árinu 1994 er að finna viðtal við Gunnar Karlsson, sagnfræðiprófessor við Háskóla Íslands. Greinin ber heitið „Íslenskt þjóðerni er ekki sjálfgefið,“ en tilefni þessa viðtals var það að hálf öld var liðin frá því að hin íslenska þjóð öðlaðist sjálfstæði. Þar svarar Gunnar þeirri spurningu hvort að þjóðerni sé Íslendingum í blóð borið og hvort Íslendingar séu enn jafn þjóðernissinnaðir og þeir voru á tímum sjálfstæðisbaráttunnar, en hann telur svo ekki vera. Gunnar segir þó að þrátt fyrir að hin pólitíska þjóðernishyggja virðist vera á undanhaldi, sérstaklega meðal þeirra kynslóða sem lifðu ekki á tímum sjálfstæðisbaráttunnar, er þjóðernistilfinningin, eða þjóðræknin eins og Gunnar segir, þó enn sterk meðal Íslendinga. Gunnar segir jafnframt að það sé ekki sjálfgefinn hlutur, sem liggi í eðli mannsins, að þjóðir vilji mynda eina pólitíska heild, en telur þó að íslenska þjóðin hafi átt auðvelt með að samsama sig þjóðarhugmyndinni. Hugmyndin um ákveðna gullöld þjóðarinnar sprettur þannig upp, líkt og hjá öðrum þjóðríkjum, og spiluðu bækur Jóns Jónssonar Aðils stóran þátt í því að skapa vitund meðal þjóðarinnar um sameiginlegan uppruna, það er að segja sameiginlega fortíð og framtíð. Í lok greinarinnar er Gunnar svo spurður að því hvort að sú endurskoðun sem hafði átt sér stað næstu árin á undan á ýmsum þáttum þjóðarsögunnar sem áður voru taldir vera hinn heilagi sannleikur, gæti verið merki um minnkandi þjóðerniskennd. Gunnar telur svo ekki vera og svarar á þessa leið:

- Menn hafa lagt niður þá gagnrýnislausu dýrkun sem var nauðsynlegur þáttur þjóðernisbaráttunnar. Það veldur því að menn geta séð fleiri þætti og fleti í íslenskri þjóðarfortíð. ... Ef þjóðarsagan á að lifa og vera trúverðug á öðrum tímum þá verða menn að sjá fleiri drætti í fortíð þjóðarinnar og horfast í augu við hluti sem eru á stundum dálítið sársaukafullir. En þeir verða auðvitað því aðeins sársaukafullir að við samsömum okkur fyrri tíma íslendingum. Sú gagnrýna sýn á fortíð Íslendinga

⁶⁰ Sigurjón Baldur Hafsteinsson, „Glansmyndir fyrr og nú“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 1. mars 1997, bls. 17.

myndi ekki skipta okkur nokkru máli ef okkur fyndist við ekki vera sama fólkið og þjó í landinu fyrir 300 árum, segir Gunnar Karlsson.⁶¹

Í lokin má svo ekki gleyma einu veigamiklu atriði, sem einnig er að finna í viðtalinu við Gunnar Karlsson, en það er það hvað fólk virðist vera hrætt við það að endurskoða söguna, til að mynda þá sögukennslu sem jafnan er kennd við Jónas frá Hriflu. Íslandssaga þessi einkennist af hetjusögum og kappadýrkun, mögulega væri hægt að tala um ýkjusögur. Sagan er þannig gerð glæsileg og verður að sama skapi jafnvel áhugaverðari, en þó ber að hafa í huga að fyrir vikið er ekki endilega farið með það sem sannara reynist. Sumir vilja þó engu breyta og telja endurskoðun þessarar sögu af hinu illa.⁶² Af þessu má sjá að þjóðarvitund Íslendinga er enn til staðar, þrátt fyrir það að hafa tekið breytingum síðan á tímum sjálfstæðisbaráttunnar.

Sögukennsla í skólum hefur líka verið liður í því að viðhalda menningararfi þjóða og kenna þar nýjum kynslóðum sögu lands og þjóðar, þar eru söguvitund og sameiginlegt minni ofarlega á baugi. Í grein í tímaritinu *Uppeldi og menntun* frá árinu 1998, fjallar Þorsteinn Helgason um sögukennslu hér á landi og annars staðar. Greinin er nokkuð yfirgripsmikil en vert er að kanna nokkra punkta sem þar koma fram. Þorsteinn byrjar á því að tala um þau hlutverk sem pólitísk þjóðernisstefna ætlaði sögukennslu í skólum á 19. og 20. öld, en það var annars vegar það að vera ákveðin uppistaða í almennri menntun og hins vegar það að skapa þjóðinni þjóðarvitund og búa til ákveðna sameiginlega fortíð. Vandinn er hins vegar sá, segir Þorsteinn, að flestar þjóðir hafa að geyma sársaukafullar minningar sem geta valdið deilum. Hann tekur nokkur dæmi, til að mynda tímabil nasista í Þýskalandi og svo það hvernig Íslendingar eiga erfitt með að líta þann tíma, er landið var undir stjórn Danakonungs, réttum augum. Í þessari ritgerð hefur verið leitast eftir því að sýna fram á það hver menningararfur Íslendinga er og hvernig honum hefur verið teft fram, til dæmis, af hálfu stjórnvalda. Í grein Þorsteins segir hann, til að mynda frá því hvernig sögukennsla fór fram í Austur-Evrópu er Sovétríkin voru enn við lýði, en þá höfðu stjórnvöld ítrekað reynt að hafa stjórn á fortíðinni og ákveðið samfara því hvers væri vert að minnast og hvað ætti að falla í gleymsku. Þannig var búin til söguskoðun, sem átti að innræta fólki ákveðna

⁶¹ Ragnar Karlsson, „Íslenskt þjóðerni er ekki sjálfgefið“, *Vikublaðið*, 16. júní 1994, bls. 3.

⁶² Ragnar Karlsson, „Íslenskt þjóðerni er ekki sjálfgefið“, *Vikublaðið*, 16. júní 1994, bls. 3.

söguvitund.⁶³ Með þessu er ekki verið að halda því fram að slíkt hið sama hafi átt sér stað hér á landi á tímum sjálfstæðisbaráttunnar, þrátt fyrir það að sögukennsla og fræðsla almennings hafi að mörgu leyti átt að innræta í fólk þjóðerniskennd, og ákveðna sameiginlega söguvitund í baráttunni gegn yfirráðum Dana.

Þegar kemur að sögukennslu, og þá sérstaklega í grunnskólum og framhaldsskólum, er vert að velta því fyrir sér hvort að þar sé kennd, upp að ákveðnu marki, úrelt söguskoðun sem tekur ekki mið af nýjum rannsóknum og niðurstöðum þeirra. Líklegt er að þess konar rannsóknir fari fram innan háskóla og afmarkaðra sviða þjóðfélagsins, og því taki þó nokkurn tíma fyrir niðurstöður þeirra að berast út í aðra kima þjóðfélagsins. Einnig er erfitt að breyta söguvitund fólks, og því sem er almennt viðurkennt á skömmum tíma. Í grein Þorsteins kemur fram að sögukennsla í grunnskólum hafi að mestu leyti, frá því árið 1985, stuðst við kennslubækur Gunnars Karlssonar prófessors við Háskóla Íslands. Gunnar segir svo sjálfur í greininni að það sem fram komi í kennslubókum eftir hann sé á köflum úrelt og ekki í takt við nýlegar rannsóknir fræðimanna.⁶⁴ Auðvitað er ekki raunhæft að ætlast til þess að kennslubækur séu uppfærðar um leið og nýjar rannsóknir líta dagsins ljós, en þó þarf að hafa varann á svo að ekki sé verið að kenna algerlega úrelta söguskoðun.

⁶³ Þorsteinn Helgason, „Inntak sögukennslu“, *Uppeldi og menntun*, 1. janúar 1998, bls. 37-39.

⁶⁴ Þorsteinn Helgason, „Inntak sögukennslu“, *Uppeldi og menntun*, 1. janúar 1998, bls. 51-53.

Niðurlag

Í þessari ritgerð hefur verið leitast við að fjalla um og skilgreina annars vegar menningararf í nokkuð víðu samhengi, og svo hins vegar söguvitund íslensku þjóðarinnar. Markmiðið var það að sýna fram á tilurð þessara fyrirbæra, menningararfsins og söguvitundarinnar, þ.e.a.s. hvernig þau hafa verið sett fram í nokkuð staðlaðri ímynd, og svo haldið á lofti sem heilögum sannleik. Sannleikur þessi er þó ansi götöttur ef betur er að gáð, og tekin hafa verið dæmi um. Hugmyndin um sérstakan og ómissandi menningararf er til að mynda ungt fyrirbæri, og samtíminn virðist hafa gert varðveislu hans að einskonar heilagri skyldu, ef svo má að orði komast. Umræður um menningararfinn og framsetningu hans hafa líka gert það að verkum að meðvitund fólks um umhverfi sitt og sjónarhorn þess á hversdagslega hluti breytist. Einnig hefur ákveðið huglægt gildismat myndast í tengslum við menningararfinn sem hefur orðið til þess að þjóðir afmarka sig í annars vegar „okkur“ og hins vegar „hina“. Með því er átt við það að einungis ákveðinn hópur telst eiga réttmætt tilkall til þessa arfs, og „hinir“ eru þar með gerðir arflausir, samanber viðhorf margra til Dorritar Moussaieff þegar hún klæddist skautbúning við embættistöku Ólafs Ragnars Grímssonar. Menningararfurinn er þó meira en bara vitund og hugmynd um það hvað við viljum varðveita frá fortíðinni. Hann er einnig orðinn að söluvöru, og þá sérstaklega þegar kemur að ferðaþjónustu, þar sem þjóðir keppast um það að vekja athygli á sérstökum svæðum og ákveðnum fornminjum, í viðleitni til þess að draga að ferðamenn. Markmiðið er svo, eins og gefur að skilja, það að hvetja ferðamenn til þess að eyða fé í það að skoða þessi svæði. Annað atriði sem komið var inn á var svo það hvernig varðveisla menningararfsins er háð þeim fjármunum og þeirri vinnu sem almenningur, og þó aðallega stjórnvöld, eru tilbúin að leggja til. Þannig eru ákvarðanir um það hverju er haldið við á meðan öðru er leyft að drabbast niður, teknar samfara hugmyndum og viðhorfum ákveðinna hópa, sem og tíðaranda hverju sinni. Þessi umræða um menningararfinn, og það hvernig hann hefur mótast undanfarna áratugi á margt skylt með því hvernig söguvitund íslensku þjóðarinnar var búin til á dögum Jóns Jónssonar Aðils, en eins og sagði, var hann svo sannarlega þjóðernissinnaður menntamaður. Hann átti þannig hvað mestan þátt í því að skapa þjóðinni sameiginlega vitund um sögu sína og fortíð, ásamt Jónasi Jónssyni frá Hríflu.

Hugmyndir Jóns Aðils um gullöld Íslendinga og hina eilífu baráttu fyrir frelsi undan erlendum yfirráðum, þjónuðu líka mikilvægum pólitískum tilgangi fyrir sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Vinsældir hugmynda Jóns Aðils og það fylgi sem söguskoðun hans hafði að fagna, má svo meðal annars rekja til þess, að hún var dauðhreinsuð af öllu því sem gæti skapað mótsögn gegn hinni sögulegu samfellu, og þeirri glæstu ímynd sem hann dró fram af Íslandi til forna.

Fyrir marga er söguvitund Jóns Aðils og Jónasar frá Hriflu, þannig hin eina rétta og guð forði mönnum frá því að voga sér að reyna að ganga gegn henni. Þáttaröðin *Þjóð í hlekkjum hugarfarsins* fór til að mynda alveg gegn hinni hefðbundnu söguskoðun og viðbrögð fólks í kjölfarið leyndu sér ekki. Auðvitað er ekki hægt að alhæfa um skoðanir og hugmyndir allra Íslendinga á sögunni, þar sem margir hafa farið gegn viðteknum hugmyndum, samanber sú endurskoðun sem Íslandssagan hefur gengið í gegnum. Þessi endurskoðun sögunnar virðist þó hafa haft ótrúlega lítil áhrif á söguvitund almennings, sem og það hvernig framsetningu sögunnar er háttað í dag, líkt og kom fram í grein Sigurðar Gylfa Magnússonar. Hann segir svo einnig að tilbúningur sögunnar og ákveðin minningarframleiðsla, eigi enn stóran þátt í því að móta hið sögulega minni þjóðarinnar. Almennigur og stjórnvöld ríghalda líka enn í söguskoðun sjálfstæðisbaráttunnar, og nýjar hugmyndir mæta oft en ekki harðri mótspyrnu, þar sem mörgum finnst vegið að ákveðnum grundvallarhugmyndum hvað varðar ímynd og eðli þjóðarinnar. Þessi þjóðerniskennd er mönnum þó ekki eðlislæg, heldur innprentuð í huga fólks og markvisst haldið fram innan samfélagsins í formi glansmynda, líkt og danski blaðamaðinn Ulrik Hoy hefur bent á.

Þegar öllu er svo á botninn hvolft virðist niðurstaðan vera sú að fólk leitast eftir því að minnast fortíðar sem er átakalaus og án mótsagna, og það er mikið gert upp úr því að halda þeirri ímynd á lofti, hvort sem um er að ræða kvikmyndir, yfirlitsrit, ævisögur eða minnisvarða. Þannig verður úrelt túlkun fyrri tíma á sögunni um eina samheldna þjóð, fólkinu sem barðist fyrir frelsi undan erlendra kúgun, að líminu sem heldur þjóðfélaginu saman í dag. Viðtekin söguskoðun var og er einnig réttlætning ríkjandi þjóðfélagsskipanar, þrátt fyrir að þau áhrif hafi eitthvað dofnað í dag. Sökum þessa má engu breyta, því það er svo ósköp gott að vita af sögunni sem óbreytanlegri, einhverjum föstum punkti, í hringiðu hins nútíma samfélags.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

Ajax, „Hvaða flokk hefði Gunnar á Hlíðarenda kosið?“ *Mánudagsblaðið*. 19. október 1953, bls. 1 og 7.

Anna María Geirsdóttir, „Kyndugt eða kindarlegt. Anna María Geirsdóttir fjallar um þjóðbúninginn“. *Morgunblaðið*. 14. september 2004, bls. 21.

Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949. Innganga Íslands í Atlantshafsbandalagið og óeirðirnar á Austurvelli*. Reykjavík 1976.

B.G., „Bókarfregn“. *Fjallkonan*. 14. júlí 1903, bls. 109-110.

„Bændadagar í Hagkaup. Íslenskur landbúnaður í fyrirrúmi“. *Morgunblaðið D*. 20. júní 1996, bls. 1-8.

Eiríkur Bergmann Einarsson, *Sjálfstæð þjóð. Trylltur skrill og landráðalýður*. Reykjavík 2011.

Gísli Gunnarsson, „Engar fréttir, engin fræði og hvað þá? Athugasemd við pistil Páls Vilhjálmssonar um ráðstefnu Sagnfræðingafélagsins“. *Vikublaðið*. 24. mars 1994, bls. 6.

„Gluggað í hina áhrifamiklu kennslubók Jónasar frá Hriflu um Íslandssögu: Betri heimild um Jónas en sögu lands og þjóðar“. *Tíminn*. 6. febrúar 1983, bls. 4-5.

Guðmundur Hálfðanarson, „,,Eigi víkja!“ Þjóðernisvitund og pólitísk menning Íslendinga“, í *Frændafundur* 4. bd. *Smáþjóðamenning í alþjóðasamfélagi. Fyrirlestrar frá færeysk-íslenskri ráðstefnu í Þórshöfn 18.-19. ágúst 2001*. Ritstjórar Magnús Snædal og Turið Sigurðardóttir (Þórshöfn 2002), bls. 11-25.

Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið – uppruni og endimörk*. Reykjavík 2001.

Guðmundur Hálfðanarson, „Sagan og sjálfsmynd(ir) íslenskrar þjóðar“. *Glíman* 7 (2010), bls. 113-135.

Guðmundur Magnússon, „Íslandssagan umrituð“. *Morgunblaðið*. 13. nóvember 1983, bls. 54-55.

Gylfi Gröndal, „Af vörum gestsins reis nýtt Ísland. Gylfi Gröndal ræðir við Þóri Baldvinsson um kynni hans af Jónasi frá Hriflu“. *Samvinnan*. 1. mars 1985, bls. 14-20.

Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, „Fordómar á Íslandi“. *Fréttablaðið*. 4. október 2004, bls. 13.

Hilma Gunnarsdóttir, „Viðtöl við þrjá sagnfræðinga“, í *Frá endurskoðun til upplausnar. Tvær prófritgerðir, einn formáli, þrjú viðtöl, sjö fræðigreinar, fimm ljósmyndir, einn eftirmáli og nokkrar minningargreinar af vettvangi hugvísinda*. Ritstjórar, Hilma Gunnarsdóttir, Jón Þór Pétursson og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík 2006), bls. 111-149.

Hjörleifur Rafn Jónsson, „Rótarskoðun: Sumum nægir ekki naflinn“. *Morgunblaðið*. 21. desember 1993, bls. 45.

„Íslenzkt þjóðerni“. *Fjallkonan*. 30. júní 1903, bls. 102-103.

Jónas Jónsson, *Íslandssaga handa börnum*. Fyrra hefti. Reykjavík 1915.

Jón Jónsson, *Íslenzkt þjóðerni. Alþýðufyrirlestrar*. Reykjavík 1903.

Jón Jónsson, „Jón Sigurðsson 1811 - 17. júní - 1911. Ræða Jóns Jónssonar sagnfræðings“. *Reykjavík*. 24. júní 1911, bls. 101-102.

Jón Þór Pétursson, „Tortímandinn. Þjóð í hlekkjum hugarfarsins og hugmyndir um sögu og sagnfræði á tíunda áratug tuttugustu aldar“, í *Frá endurskoðun til upplausnar. Tvær prófritgerðir, einn formáli, þrjú viðtöl, sjö fræðigreinar, fimm ljósmyndir, einn eftirmáli og nokkrar minningargreinar af vettvangi hugvísinda*. Ritstjórar, Hilma Gunnarsdóttir, Jón Þór Pétursson og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík 2006), bls. 151-208.

„Kommúnistísk ósvífni“. *Alþýðublaðið*. 2. apríl 1949, bls. 8.

- McKercher, Bob og Cros, Hilary du, *Cultural Tourism. The Partnership Between Tourism and Cultural Heritage Management*. New York 2002.
- Páll Björnsson, *Jón forseti allur? Táknmyndir þjóðhetju frá andláti til samtíðar*. Reykjavík 2011.
- Páll Vilhjálmsson, „Félagi Maó og fortíðin á Fróni“. *Vikublaðið*. 3. mars 1994, bls. 8-9.
- Ragnar Karlsson, „Íslenskt þjóðerni er ekki sjálfgefið. Rætt við Gunnar Karlsson, sagnfræðiprófessor við Háskóla Íslands“. *Vikublaðið*. 16. júní 1994, bls. 3.
- Rósa B. Blöndals, „Íslandssaga Jónasar Jónssonar“. *Morgunblaðið*. 15. nóvember 1984, bls. 56.
- Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyangervi og vald á Íslandi 1900-1930*. Reykjavík 2004.
- Sigurður Gylfi Magnússon, „Kennileiti minninga. Styttur, kennslubækur, yfirlitsrit, hátíðahöld og ævisögur“. *Lesbók Morgunblaðsins*. 3. apríl 2004, bls. 6-7.
- Sigurjón Baldur Hafsteinsson, „Glansmyndir fyrr og nú“. *Lesbók Morgunblaðsins*. 1. mars 1997, bls. 17.
- Skarphéðinn Guðmundsson, „Afþreyingargildi veruleikans“. *Stúdentablaðið*. 10. nóvember 1995, bls. 14.
- Styrr, „„Jón forseti“ og „17.júní““. *Verkamannablaðið*. 19. júlí 1913, bls. 36.
- Tómas Ingi Olrich, *Menningartengd ferðaþjónusta*. Reykjavík 2001.
- „Um þjóðbúninginn“. *Morgunblaðið*. 17. september 2004, bls. 41.
- Valdimar Tr. Hafstein, „Heimurinn er að sökkva“. *Lesbók Morgunblaðsins*. 29. nóvember 2003, bls. 6.
- Valdimar Tr. Hafstein, „Menningararfur er nýr af nálinni“. *Lesbók Morgunblaðsins*. 8. apríl 2006, bls. 10.
- Valdimar Tr. Hafstein, „Menningararfur: Sagan í neytendaumbúðum“, í *Frá endurskoðun til upplausnar. Tvær prófritgerðir, einn formáli, þrjú viðtöl, sjö*

fræðigreinar, fimm ljósmyndir, einn eftirmáli og nokkrar minningargreinar af vettvangi hugvísinda. Ritstjórar, Hilma Gunnarsdóttir, Jón Þór Pétursson og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík 2006), bls. 313-328.

V.G., „Jón Sigurðsson“. *Eimreiðin*. 1. september 1911, bls. 157-166.
„Víkverji skrifar...“ *Morgunblaðið*. 13. september 2004, bls. 26.

Þjóð verður til. Menning og samfélag í 1200 ár. Leiðarvísir um grunnsýningu Þjóðminjasafns Íslands. Ritstjóri Hrefna Róbertsdóttir. Rit Þjóðminjasafns Íslands 9. Reykjavík 2005.

Þorsteinn Helgason, „Inntak sögukennslu“. *Uppeldi og menntun*. 1. janúar 1998, bls. 37-67.

Þórarinn Þórarinsson, „Framtíðarvonirnar getum vér byggt á fortíðarreynslunni“. *Tíminn*. 26. febrúar 1984, bls. 9.

Vefheimildir:

Vef. Menningartengd ferðapjónusta. Aðgerðaráætlun. Reykjavík, júní 2002.
<http://www.ferdamalastofa.is/upload/files/2007511105738Menningartengd%20fer%26%23240%3Ba%26%23254%3Bj%26%23243%3Bnusta%20a%26%23240%3Bger%26%23240%3Ba%26%23225%3B%26%23230%3Btlun%202002.pdf> (sótt 24. apríl 2012).